



**Símenntun**

**ÁRSSKÝRSLA**  
**2023**

FAGMENNSKA - FRAMSÆKNI - SVEIGJANLEIKI

## Ársskýrsla Símenntunar á Vesturlandi 2023

**Ritstjóri:** Björgvin Þór Þórhallsson, verkefnastjóri

**Ábyrgðarmaður:** Guðrún Vala Elísdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunar

**Umbrot og uppsetning:** Núprent ehf.

Starfsfólk Símenntunar eru höfundar efnis.

Myndir fengnar héðan og þaðan úr starfinu.

[www.simenntun.is](http://www.simenntun.is)

# Efnisyfirlit

|                                                       |           |
|-------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Formannspistill</b>                                | <b>4</b>  |
| - Hrafnhildur Hallvarðsdóttir                         |           |
| <b>Kennt með túlki</b>                                | <b>6</b>  |
| - Atli Þór Kristbergsson                              |           |
| <b>Um Símenntun á Vesturlandi</b>                     | <b>8</b>  |
| <b>Margbreytileikinn gerir kennsluna skemmtilegri</b> | <b>12</b> |
| - Karítas Skarphéðinsdóttir                           |           |
| <b>Starfsemin í tölum</b>                             | <b>13</b> |
| <b>Samstarfsaðilar</b>                                | <b>19</b> |
| <b>Verkefni Símenntunar á Vesturlandi</b>             | <b>22</b> |
| <b>Nám og þjónusta fyrir flóttafólk</b>               | <b>25</b> |
| <b>“Gleðilegan bolludag!”</b>                         | <b>26</b> |
| - Guðríður Haraldsdóttir                              |           |
| <b>Raunfærnimat</b>                                   | <b>28</b> |
| <b>Nám og námskeiðahald</b>                           | <b>31</b> |
| <b>Íslendingar og staðalímyndirnar</b>                | <b>36</b> |
| - Jovana Pavlovic                                     |           |
| <b>Samstarfsverkefni - innlend og erlend</b>          | <b>42</b> |
| <b>Samtök í fullorðinsfræðslu</b>                     | <b>46</b> |
| <b>Allar fjölskyldur þurfa tengilið</b>               | <b>44</b> |
| - Ragnhildur Kristín Einarsdóttir                     |           |
| <b>Úr ýmsum áttum</b>                                 | <b>45</b> |
| <b>Viltu fræðast meira um framhaldsfræðsluna?</b>     | <b>48</b> |
| <b>Að lokum</b>                                       | <b>50</b> |
| - Guðrún Vala Elísdóttir                              |           |

## Formannspistill

„Svo lengi lærir sem lifir er málsháttur sem ég heyrði oft í bernsku og var þá átt við þegar einhver lærði eitthvað nýtt eða sá eða heyrði um eitthvað nýtt.“ Þýðing orðsins „símenntun“ er einmitt að við lærum alla ævina en á ensku er talað um life long learning. Hér áður fyrr lauk fólk námi, fékk starfsréttindi og sinnti sama starfi út starfsferilinn. Það á ekki við í dag. Í dag er viðurkennt að menntun er ævilangt ferli og við þurfum alltaf að vera að sækja endurmenntun, bæði til að efla okkur í starfi og auðga andann.

Starfsemi Símenntunar tekur mið af framhaldsfræðslulögum frá árinu 2010 en framhaldsfræðsla er hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem ætlað er að mæta þörfum fólks með stutta skólagöngu og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla. Innan framhaldsfræðslunnar er einnig leitast við að efla starfshæfni fólks að bæta stöðu þeirra sem standa ekki jafnfætis öðrum á vinnumarkaði, svo sem vegna skorts á íslenskukunnáttu. Fyrstu kynni mín af Símenntun voru sennilega þegar ég var svo heppin að fá að kenna á námskeiðum fyrir Símenntun. Þetta voru aðallega tölvunámskeið og örlítið kom ég að námskeiði sem var fyrir fólk sem vildi fara aftur í nám. Ég á bara góðar minningar frá þessari kennslu. Námskeiðin voru seinnipartinn og þau voru sótt af fólki sem langaði m.a. að læra hvernig átti að nota tölvur og hvernig átti að gera heimasíðu eða nota tölvupóst. Ég man eftir fróðleiksfúsum nemendum sem höfðu ekki kynnst tölvum eða tölvupósti á sinni skólagöngu og vildu því bæta við þekkingu sína. Þetta var glaðvær og þakklátur nemendahópur sem fagnaði þessum möguleika.



Hrafnhildur Hallvarðsdóttir.

Það er svo margt sem getur valdið því að fólk heldur ekki áfram námi að loknum grunnskóla eða hættir námi áður en starfsréttindum er náð. Fyrir þennan hóp fólks er svo dýrmætt að geta leitað eftir þjónustu Símenntunar og fengið námsráðgjöf, farið í raunfærnimat eða tekið áhugasviðskönnun til að finna út hvar áhuginn liggur og hvaða störf henta. Það þarf oft svo lítið til að hjálpa fólki aftur af stað í nám og það eru verkefni sem starfsfólk Símenntunar fæst við. Þá er ekki síður mikilvægt að aðstoða innflytjendur og flóttafólk við að fóta sig á íslenskri grundu, læra á íslenskt samfélag og læra undirstöðu í tungumálinu þannig að auðveldara sé að fara út á vinnumarkaðinn, aðlagast samfélaginu eða hefja nám í nýju landi. Við sem erum íbúar í landinu



þurfum líka að læra hvernig best er að taka á móti nýju fólki í því fjölmenningsarsamfélagi sem Ísland er í dag. Það er sérstaklega mikilvægt að efla jákvæð samskipti á milli fólks af ólíkum uppruna þannig að við getum frekar horft á kosti fjölmenningsar en galla og minnkað líkurnar á fordómum.

Verkefni Símenntunar eru margvísleg og það er ljóst að hún hefur veigamiklu hlutverki að gegna og ég hef fulla trú á því að hún muni bara vaxa og dafna. Símenntun hefur nú starfað í 25 ár en hún var stofnuð 19. febrúar 1999 og ég hlakka til að fylgjast með næstu 25 árin. Ég vil fyrir hönd stjórnar, þakka fyrir samstarfið á liðnu ári og óska starfsfólki Símenntunar til hamingju með árangursríkt starfsár. Síðastliðið ár var fyrsta starfsár Guðrúnar Völu Elísdóttur sem framkvæmdastjóra og hún ásamt öðru starfsfólki hefur unnið metnaðarfullt starf og Símenntun vaxið og dafnað. Ég hef mikla trú á framtíð Símenntunar

og held að þörf fyrir þá þjónustu sem Símenntun veitir muni bara aukast á komandi árum. Ég minni á 4. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um menntun en þar segir m.a. „Menntun er lykillinn að betri framtíð og er í raun grunnurinn að því að fólk fái notið þeirra samfélagslegu gæða sem í kringum það er, hvort sem þau eru efnahagsleg, félagsleg eða menningarleg. Mikilvægi menntunar er óumdeilanleg og nauðsynlegt er að tryggja aðgengi allra að góðri grunnmenntun. Það eru réttindi, ekki forréttindi, að njóta menntunar.

**Hrafnhildur Hallvarðsdóttir,**  
Skólameistari Fjölbautaskóla Snæfellinga  
og formaður stjórnar Símenntunar á Vesturlandi.

**Atli Þór Kristbergsson**

## Að kenna með túlki

**Atli Þór Kristbergsson kenndi upplýsingatækni á síðustu tveimur Stökkpallsnámskeiðum Símenntunar og mér datt í hug að spjalla aðeins við hann um þau mál. Fyrst spurði ég hann um aldur og fyrri störf.**

„Ég hef starfað í upplýsingatækni til margra ára, fyrst sem kerfis- og vefstjóri, sem sérfræðingur og deildarstjóri upplýsingatæknideildar og núna síðast sem ráðgjafi og leiðbeinandi“, segir Atli Þór. Hann hefur sérhæft sig í Microsoft-málum síðan 2016, sinnt kennslu í Microsoft 365 (sem er forritapakki frá því fyrirtæki og inniheldur öll helstu forritin frá þeim) og ráðgjöf hjá fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum ásamt því að vera verktaki hjá nokkrum af fræðslumiðstöðvum landsins, m.a. Símenntun á Vesturlandi.

Atli Þór er í grunninn rafeindavirki, sem er auðvitað mjög tölvumiðuð iðngrein, og svo hefur hann setið fjölda námskeiða á sviði upplýsingatækni. Í dag er hann iðnmeistari en einnig vottaður verkefnastjóri eftir nám hjá Endurmenntun er kallast VOGL eða Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun.

Atli Þór hefur mikla reynslu af kennslu í upplýsingatækni. „Ég hef starfað við upplýsingatækni meira og minna síðan 1996“, segir hann. „Fyrst um sinn sem kerfis- og vefstjóri og síðar sem deildarstjóri upplýsingatæknideildar Íslandsbanka.“ Þá hefur hann komið að hönnun og uppsetningu tölvukerfa, byggt vélasali og séð um innleiðingu á ferlum og stefnum. Og eins og áður sagði, kennt á öll þessi forrit: Teams og OneDrive, Planner, Excel, SharePoint, Outlook og svo framvegis.



Atli Þór Kristbergsson

Hjá Símenntun kenndi hann á Stökkpalli bæði fyrir Íslendinga en líka á öðrum Stökkpalli fyrir Pólverja. Það er þó ekki svo að Atli Þór tali pólsku heldur kenndi hann með túlki: „Það var mjög spennandi að takast á við nýja áskorun – að fá tækifæri til að kenna með túlki“, segir Atli. „Bæði verkefnin, báðir Stökkpallarnir voru mjög skemmtileg verkefni og pólski stökkpallurinn sérstaklega.

### Af hverju var það?

„Það var svo gott að fá tækifæri til að prófa nýjar leiðir við kennslu, læra hvað það þýðir að hafa aðila sem er á milli leiðbeinanda og nemanda en á sama tíma að koma efninu til skila.“ svarar Atli Þór.

En hvernig fer hann að því að kenna upplýsingatækni í fjarnámi? Maður ímyndar sér einhvern veginn að staðnám henti betur fyrir svona tölvunám?

„Almennt“, segir Atli Þór, „þá reyni ég að setja mig í spor nemenda og kenna með dæmum. Ég reyni þá að finna dæmi úr íslensku umhverfi eða veruleika og bera nýja tækni við eitthvað sem líklegt er að nemendur nái að tengja við. Mér hefur fundist það gefast vel og hægt að kenna þannig bæði þegar kennt er á staðnum svo og í fjarkennslu.“ Hann bætir við að fjarkennsla með þeim búnaði sem til er í dag hafi gert þessa nálgun fýsilega, sérstaklega þegar kemur að kennslu þar sem nemendur eru dreifðir. Margir kjósi að nýta sér þessa leið.

**En hvaða tól og forrit notar Atli Þór þá helst?**


„Ég er alla daga Microsoft maður, tek Teams fram yfir Zoom ef ég kemst upp með það en kenni auðvitað á Zoom ef viðskiptavinurinn vill það frekar. Ég nýti mér tól eins og PowerPoint til að hafa efnið sem á að fara yfir á hreinu, en er þó mest bara inni í umhverfinu sem verið er að kenna á s.s. Teams, OneDrive, SharePoint o.fl. enda hefur það sýnt sig að kennsla með dæmum úr umræddu umhverfi skilur meira eftir sig en bara upptalning af glærum. Þannig næ ég að sýna hvar og hvernig er best að gera hlutina.“

Segðu okkur aðeins meira frá Stökkpalli og upplýsingatæknikennslunni þar.

„Á Stökkpalli voru teknar fyrir mismunandi tegundir snjalltækja og þörf okkar fyrir að vera sí tengd. Við skoðuðum mismunandi tegundir nettenginga allt frá farsímanetum yfir í ljósleiðara, tengingar milli landa með sæstrengjum og svo það nýjasta sem eru gervihnettir en fáir vita að Starlink rekur um 4800 svoleiðis og hægt er að kaupa áskrift að því hér á landi. Fjallað var um aðgengi að gögnum í gegnum skýjalausnir og farið yfir nokkar þeirra eins og Google, Microsoft, Dropbox og fleiri. Fáir átta sig á því að Google með sína póstlausn, Gmail, og þær þjónustur sem þar eru inni hefur alltaf verið skýjalausn – var bara kallað „Gmail“. Snert var á gervigreind og rætt um tækifærin sem þar eru ásamt áhættum en sumir sjá þetta sem mikla ógn meðan aðrir segja að

þetta sé bara eðlileg framþróun.

Námskeiðið var mjög skemmtilegt – nemendur áhugasamir og spurðu um allt mögulegt. En segja má að túlkurinn, Monika Kapanke, hafi borið hitann og þungann enda þurfti viðkomandi að þýða allt frá leiðbeinanda til nemenda og svo til baka og gerði það vægast sagt frábærlega.“



# Um Símenntun á Vesturlandi

## Stjórn

Í stjórn Símenntunar á Vesturlandi sitja fimm aðalmenn og fimm til vara. Skipun stjórnar er til tveggja ára og var ný stjórn kosin á aðalfundi 2022.

### Aðalfulltrúar:

Björn Bjarki Þorsteinsson, Dalabyggð  
Hrafnhildur Hallvarðsd., Fjölbrautaskóli Snæfellinga  
Anna Jóna Kristjánsdóttir, Háskólinn á Bifröst  
Lilja Björg Ágústsdóttir, Borgarbyggð  
Silja Eyrún Steingrímsd., Stéttarfélag Vesturlands

### Varafulltrúar:

Rósa Guðmundsdóttir, G.RUN  
Bragi Þór Svavarss., Menntaskóli Borgarfjarðar  
Áshildur Bragadóttir, LBHÍ  
Jóhanna María Sigmundsdóttir, Dalabyggð  
Kristín Kristjánsd., Stéttarfélag Vesturlands

Stjórn hélt alls fimm fundi á árinu og fjallaði m.a. um starfsáætlun, fjárhagsáætlun og ársreikninga fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri vann að starfsreglum stjórnar sem samþykktar voru í ágúst. Á fundum var farið yfir rekstur, stöðu verkefna og ræddar hugmyndir en allar fundargerðir má lesa á heimasíðu Símenntunar. Björn Bjarki Þorsteinsson lét af störfum sem formaður stjórnar og nýr formaður er Hrafnhildur Hallvarðsdóttir.

## Aðalfundur 2023

Aðalfundur Símenntunar var haldinn miðvikudaginn 22. mars 2023. Líkt og áður var aðalfundurinn haldinn sameiginlega með öðrum stofnunum á Vesturlandi. Á fundinum var farið yfir ársskýrsluna fyrir árið 2022 og endurskoðaðan ársreikning.

## Starfsfólk

Hjá Símenntun á Vesturlandi störfuðu sjö starfsmenn á árinu 2023. Stöðugildi voru 4,46.

Guðrún Vala Elísdóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri 100%  
Ívar Örn Reynisson verkefnastjóri 70%- 100% (hóf störf 1. mars)  
Hekla Gunnarsdóttir verkefnastjóri 100%  
Sigurgeir Víktorsson, bókarí 25%  
Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir, markaðs- og verkefnastjóri 50% (lét af störfum um áramót)  
Steinar Sigurjónsson, náms- og starfsráðgjafi 100%  
Sunna Rós Þorsteinsdóttir, ræstitækni 15% (hóf störf 22. maí)



Jovana, Steinar, Guðrún Vala, Hekla og Ívar. Á myndina vantar Sigurgeir og Sunnu. Jovana hóf störf um áramót.



## Verktakar

Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu rúmlega sjötíu verktakar hjá Símenntun á árinu, við kennslu og önnur verkefni. Stór hluti af starfseminni byggir á vinnu verktaka, þeir kenna á námskeiðum, í lengri námsleiðum, vinna sem matsaðilar í raunfærnimati og við verkefnastjórnun og þróunarverkefni.

## Starfsstöðvar

Á árinu 2023 starfrækti Símenntun tvær starfsstöðvar, á Akranesi og í Borgarnesi.

### Húsnæði:

Skrifstofur og kennslustofur  
Skrifstofur og kennslustofur

### Staður:

Borgarnes  
Akranes


### Heimilisfang:

Bjarnarbraut 8  
Bárugata 10-12/og frá  
1. mars Smiðjuvellir 28

### Leigusali:

Ben og félagar ehf.  
Brim/Línuvélar ehf.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gaf út starfsleyfi fyrir starfsstöðina á Bjarnarbraut eftir úttekt þar haustið 2020. Starfsstöðin að Smiðjuvöllum fékk starfsleyfi á árinu 2023.



Frá framkvæmdum á Smiðjuvöllum.

Símenntun sagði upp húsnæðinu á Breiðinni á Akranesi í árslok 2022 og gerði leigusamning við Línuvélar ehf. Húsnæðið á Smiðjuvöllum 28 er á sama stað og Vinnumálastofnun og Starfsendurhæfing Vesturlands en báðar stofnanir eru mikilvægir samstarfsaðilar Símenntunar. Staðsetningin er mun hentugri fyrir starfsemi Símenntunar auk þess sem rýminu fylgir kennslustofa til afnota. Það skiptir miklu máli að hafa stöðugt aðgengi að kennsluáðstöðu fyrir námskeið og próftökur. Á Smiðjuvöllum eru tvær skrifstofur, rúmgóð kennslustofa, viðtalsherbergi, tvö salerni og eldhúskrókur og er allt hannað í takt við þarfir Símenntunar.

Áætlað er að halda opið hús á Smiðjuvöllum á árinu 2024 og bjóða gestum og gangandi í heimsókn að skoða húsnæðið.

Í Borgarnesi leigir Símenntun kennslustofu og skrifstofurými að Bjarnarbraut 8 af félaginu Ben og félagar ehf. Þar er rúmgóð kennslustofa og skrifstofur.

## Innra starf Símenntunar

Símenntun hefur rýnt allt sitt gæðastarf og gerð var EQM úttekt á starfseminni í árslok. Unnið er eftir samþykktri umbótaáætlun sem sjá má á vefsíðu Símenntunar. Markmiðið er að allt gæðastarf sé sýnilegt, vel aðgengilegt og gæðahandbók er í vinnslu.

## Símenntun starfsfólks og fyrirtækjaheimsóknir

Það er alltaf gagnlegt og skemmtilegt að heimsækja aðrar símenntunarmiðstöðvar og fræðast um þeirra starf. Á árinu 2023 heimsóttum við Þekkingarsetur Vestmannaeyja og Visku fræðslu- og símenntunarstöð í tengslum við haustfund Símenntar (áður Kvasir). Framkvæmdastjóri Þekkingarsetursins er Hörður Baldvinsson en hann starfaði áður hjá Símenntun á Vesturlandi um árabil. Dagana 19. til 23. apríl 2023 lagði hluti starfsfólks miðstöðvarinnar land undir fót og fór í vel heppnaða fræðslu- og menningarferð til Varsjár í Póllandi ásamt um níutíu starfsmönnum Vinnumálastofnunar. Þar fékk hópurinn dagsfræðslu frá pólskum yfirvöldum um pólska vinnumarkaðinn og vinnumarkaðsúrræði. Enn fremur var fjallað um helstu viðbrögð og aðgerðir við móttöku flóttafólks frá Úkraínu og hvernig það hefði gengið en þarna var ár liðið frá upphafi stríðsins í Úkraínu. Seinni fræðsludaginn fékk hópurinn fræðslu í íslenska sendiráðinu um menningarmismun og aðlögun erlendra ríkisborgara að íslenskum venjum og siðum ásamt aðlögunarferli Íslendinga að pólskum siðum og venjum. Samskipti milli menningarhópana voru rædd ásamt kynningu á starfi sendiráðsins í Varsjár við að minnka þetta bil.

Framkvæmdastjóri Símenntunar fór á mannauðsráðstefnu CIPD í Manchester í Englandi 8.-9. nóvember. Um er að ræða ráðstefnu og viðamikla kynningu á ýmsu tengdu mannauði og stjórnun. Ferðin var farin ásamt öðrum forstöðumönnum Símenntar og var skipulögð á vegum Mannauðs, félags mannauðsfólks á Íslandi. Áhersla var á fjögur þemu; vinnustað í nútímanum, leiðtogar framtíðarinnar, hæfileikar og hindranir, nám og þróun.



Símenntunarfólkið í Vestmannaeyjaferðinni.



Frá Manchesterferðinni: Sædis María Jónatansdóttir forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, Guðrún Vala Elísdóttir framkvæmdastjóri Símenntunar, Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður Miðstöðvar Símenntunar á Suðurnesjum og Vigdís Þyri Ásmundsdóttir framkvæmdastjóri Framvegis.

## Markaðsmál

Áfram var unnið í markaðsmálum hjá Símenntun á árinu. Allar auglýsingar voru hannaðar með svipuðu sniði og vakin athygli á starfsemi Símenntunar, t.d. raunfærnimati, náms- og starfsráðgjöf og námskeiðum. Merkingar voru settar á glugga bæði á Akranesi og Borgarnesi og bollar hannaðir með merki Símenntunar. Bíll sem Símenntun hefur á langtímaleigu var kyrfilega merktur og markaðsáttak hefur verið keyrt á samfélagsmiðlum.



Bollarnir góðu.

## Varðveisla gagna

Skipulag og varðveisla skjala og annarra gagna er í sífelldri vinnu og tekur mið af gæðaviðmiðum EQM. Símenntun hefur sameiginlega vinnu vefgátt þar sem starfsfólk hefur aðgengi að gögnum til vinnslu og vistunar. Vefgáttin er tengd Teams og Planner, áður Office 365 en nú Microsoft 365. Unnið er að því að setja gæðahandbók Símenntunar á veflægt form, þannig að allar upplýsingar séu aðgengilegri og starfsfólk meðvitaðra um öll gæðaviðmið í daglegu starfi.

## Kennslu- og nemendabókhalddskerfi

### INNA

Allar fræðslumiðstöðvarnar innan Símenntar eru með kennslu og nemendabókhalddskerfið INNU, en þetta kerfi er einnig í öllum framhaldsskólum landsins. Allar vottaðar námsleiðir, sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu og niðurstöður úr viðtölum hjá náms- og starfsráðgjafa og niðurstöður raunfærnimats eru skráðar í INNU.

### LearnCove

Símenntun hefur nú um rúmlega ársskeið verið með LearnCove kennslukerfið í notkun. Um er að ræða íslenska fræðslulausn sem auðveldar fyrirtækjum og stofnunum að bjóða upp á fræðslu sem er aðgengileg þegar starfsfólki hentar. Með innleiðingu LearnCove vill Símenntun aðstoða fyrirtæki og stofnanir að bjóða upp á rafræna fræðslu í auknum mæli en einnig að bjóða nemendum sínum upp á aukið úrval af rafrænni fræðslu. Þannig er hægt að taka upp fyrirlestra og námskeið og setja inn á LearnCove þar sem nemendur geta skráð sig inn á og hlustað á fyrirlestra. Þeir geta jafnframt unnið verkefni þegar þeim hentar og þannig býður kerfið upp á aukinn sveigjanleika fyrir alla.

Á árinu aðstoðaði Símenntun nokkra samstarfsaðila sína að setja inn námskeið og útbúa námskeið fyrir starfsfólk í LearnCove og hefur fylgst með árangri af notkun kerfisins. Enn hefur Símenntun ekki boðið upp á námskeið á eigin vegum í gegnum kerfið en það er í athugun. Fleiri símenntunarmiðstöðvar hafa tekið LearnCove í notkun og er samtal í gangi milli stöðvanna um notkunarmöguleika kerfisins.

Fyrir þá sem vilja kynna sér LearnCove frekar er heimasíðan [www.learncove.io](http://www.learncove.io)



Karítas Skarphéðinsdóttir

## Margbreytileikinn gerir kennsluna skemmtilegri

Í fjarkennslunni eins og Símenntun hefur stuðst mjög við undanfarin misseri með námskeiðið Stökkpall, skiptir auðvitað ekki máli hvar þátttakendur eru staddir. Það á t.d. við um konu sem kenndi á pólska Stökkpallinum á meðan hún sjálf var staðsett í Kraká í Póllandi. Það sama gildir um annan leiðbeinanda, Íslendinginn Karítas Skarphéðinsdóttur. Hún hefur kennt á undanförnum Stökkpöllum, en sjálf hins vegar setið við tölvuna sína heima hjá sér í Englandi.

Gefum Karítas orðið: „Ég hef verið kennari í 30 ár og starfað sem fræðslufulltrúi, skólastjóri og kennari. Ég flutti til Horsham í Suður-Englandi fyrir næstum 10 árum með yngstu dóttur mína sem þá var 17 ára. Ég á 4 dætur og 5 barnabörn en aðeins ein dóttir mín og eitt barnabarn býr í Horsham. Fjölskyldan og vinir eru hins vegar dugleg að heimsækja mig.

Ég hef unnið fyrir Símenntun Vesturlands sl. tvö ár og kennt á Stökkpallsnámskeiðunum í fjarkennslu. Bæði fyrir Íslendinga og á ensku fyrir útlendinga. Ég hef átt ánægjuleg samskipti við þá aðila sem hafa haldið utan um Stökkpallana. Námskeiðin eða viðfangsefnin sem ég hef verið með eru m.a. sjálfsstyrking, að tala fyrir framan aðra, einelti á vinnustað og færniefning. Þátttakendur á Stökkpöllum eru auðvitað á öllum aldri og með mismunandi reynslu en það gerir einmitt kennsluna skemmtilegri og ég hef notið þess að hlusta á umræður og mismunandi skoðanir fólksins.

Ég tala auðvitað ensku alla daga, bæði í vinnunni



Karítas á besta stað í Lundúnaborg.


og við vini, svo það að kenna fyrir Símenntun Vesturlands, hefur gefið mér kærkomið tækifæri að tala og kenna á íslensku!“





# Starfsemin í tölum

## Reksturinn


Símenntun á Vesturlandi er stofnun sem er ekki hagnaðardrifin (e. non-profit). Símenntun er á fjárlögum auk þess sem verkefnatengt rekstrarfé kemur frá Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar. Þetta tvennt er ríflega helmingur rekstartekna eða um 56% á árinu og hefur farið lækkandi. Tekjur vegna erlendra verkefna, fjármagn sem kemur frá Fjölmenn – símenntunar og þekkingarmiðstöð fyrir fólk með fötlun og framlag til íslensku fyrir útlendinga eru talin til styrkja. Á árinu komu inn tekjur vegna sérverkefna s.s. vegna fræðslugreininga, fræðslustjóráverkefna, verkefni styrkt af sóknaráætlun, ráðgjafaverkefni fyrir ríkisstarfsmenn, tölvulæsi fyrir eldri borgara auk námskeiðahalds fyrir atvinnulífið og almenning.






## Tekjur



## Útgjöld





## Skipting tekjuliða 2020-2023







## Tölfræði

Á árinu 2023 héldum við í Símenntun tæplega eitt hundrað námskeið og fyrirlestra víðs vegar um Vesturland. Allir þessir viðburðir voru mjög vel sóttir enda tvöfaldaðist fjöldi þátttakenda á námskeiðum og námsleiðum milli ára 2022 og 2023. Hins vegar dróst fjöldi kennslustunda saman en fjöldi nemendastunda jókst á milli ára. Það segir okkur að fjöldi þátttakenda á hverju námskeiði fyrir sig var meiri en árið áður. Þessi góða aðsókn gefur okkur vind í seglin til að gera enn betur á árinu 2024.



## Tölfræði



# Samstarfsaðilar

## Formlegir samstarfsaðilar

Símenntun á Vesturlandi starfar samkvæmt þjónustusamningum við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmennt - símenntunar- og þekkingarmiðstöð vegna fullorðinsfræðslu fatlaðra og Sveitamennt, vegna Velferðarskóla Vesturlands.

## Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Frá árinu 2021 hefur Símenntun starfað samkvæmt þjónustusamningi við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Í samningnum kemur fram að Símenntun skuli vinna að markmiðum laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi, greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa laganna. Námsþjónustan, sem skilgreind er í lögum um framhaldsfræðslu, skal veitt og þróuð í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Enn fremur kemur fram að Símenntun skuli bjóða upp á fjarnáms- og kennsluaðstöðu á Vesturlandi vegna framhaldsfræðslu og veita nemendum á öðrum skólastigum þá þjónustu eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

## Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er í eigu ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) og Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og er samstarfsvettvangur og verkfærasmiðja eigenda í fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Hlutverk FA er að veita fólki á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína. Samstarfsaðilar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eru framkvæmdaraðilar á sviði fullorðinsfræðslu sem sinna fræðslu, ráðgjöf og raunfærnimati markhóps framhaldsfræðslunnar.

FA þróar aðferðir og verkfæri sem styðja samstarfsaðila við að veita markhópnum þá þjónustu sem þörf er á til að auka tækifæri þeirra í námi og störfum.

Allir samstarfsaðilar FA eru viðurkenndir fræðsluaðilar skv. lögum um framhaldsfræðslu 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011. Þeir hafa allir hlotið EQM/EQM+ gæðavottun.

[www.frae.is](http://www.frae.is).

## Fræðslusjóður

Fræðslusjóði var komið á fót við setningu framhaldsfræðslulaga og er á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins en hlutverk hans er m.a. að stuðla að viðeigandi námstækifærum fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Símenntun sótti um fjármagn til sjóðsins í ýmsar vottaðar námsleiðir samkvæmt námskrám FA, í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

### Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunar 2022 og 2023:

| Umsóknir Símenntunar   | Úthlutað 2022 | Úthlutað 2023 |
|------------------------|---------------|---------------|
| Vottaðar námsleiðir    | 22.211.000    | 26.651.574    |
| Náms- og starfsráðgjöf | 8.274.000     | 8.586.100     |
| Raunfærnimat           | 10.149.000    | 6.299.462     |

Ársskýrslu Fræðslusjóðs og upplýsingar um úthlutanir hans til allra símenntunarmiðstöðva má nálgast hér: <https://frae.is/fraedslusjodur/gogn-um-starfsemi/>

## Nýsköpunar- og þróunarverkefni á vegum Fræðslusjóðs

Hlutverk Fræðslusjóðs er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sérstök úthlutunarnefnd er á vegum Fræðslusjóðs sem metur umsóknir og ákveður fjárhæð til úthlutunar á hverju ári.

Venjulega er auglýst er eftir umsóknum í mars ár hvert, en ekki var auglýst á síðasta ári. Símenntun hefur hlotið styrki úr þessum sjóði, síðast 2019 vegna verkefnis um einstaklingsmiðaða íslenskukennslu í dreifðum byggðum.

Upplýsingar um úthlutanir og úthlutunarreglur má nálgast hér:

<https://frae.is/fraedslusjodur/nyskopunar-og-throunarverkefni/>

## Samningur við Ríkismennt

Í kjarasamningi ríkisins og Starfsgreinasambandsins, sem gildir 2019-2023 var gerð eftirfarandi bókun: *Samningsaðilar eru sammála um að hrinda þurfi af stað átaki til hvatningar til náms og starfsþróunar hjá félagsmönnum SGS sem starfa á stofnunum ríkisins. Ríkismennt, þróunar og símenntunarsjóður mun hafa veg og vanda af þessu verkefni, t.d með því að styrkja stofnanir í þessari vegferð og með tímabundinni fjármögnun til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum landsins. Ráðgjafar símenntunarmiðstöðva myndu bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og kynna fyrir starfsmönnum þá kosti sem í boði eru.*

Á árinu 2021 var undirritaður samningur milli Ríkismenntar og Símenntunar á Vesturlandi sem byggir á þessari bókun. Flestir starfsmenn sem heyra undir þennan samning starfa á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Vegagerðinni. Vinna samkvæmt þessum samningi hófst á árinu 2023 og heldur áfram á árinu 2024.

## Samningur við Fjölmennt

Símenntun og Fjölmennt - símenntunar- og þekkingarmiðstöð hafa undanfarin ár gert með sér þjónustusamning um námskeið fyrir fólk með fötlun. Samningur er gerður fyrir eitt ár í senn og er kveðið á um að Símenntun skuli bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi.

## Samningur við Sveitamennt

Símenntun og Sveitamennt hafa gert með sér samning um starfstengda símenntun. Sveitamennt er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands (á Vesturlandi er það Verkalýðsfélag Akraness, Stéttarfélag Vesturlands og Verkalýðsfélag Snæfellinga). Markmið samningsins er að veita aðilum Sveitamenntar aðgang að námskeiðum á vegum Símenntunar og Sveitamennt greiðir fyrir þátttöku þeirra að fullu.



## Verkefni Símenntunar á Vesturlandi

### Náms- og starfsráðgjöf

Símenntun á Vesturlandi hefur boðið fullorðnum einstaklingum upp á náms- og starfsráðgjöf frá árinu 2006. Í gegnum tíðina hefur umfang ráðgjafarinnar styrkst og aukist jafnt og þétt í gegnum árin. Ávallt hefur verið lögð áhersla á gagnreynda og hlutlausa ráðgjöf sem beinist einna helst að markhópi Símenntunar; fullorðnum einstaklingum með litla formlega menntun að baki skv. skilgreiningu laga um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010). Lögð hefur verið áhersla á að kynna þjónustuna vel og ná til markhópsins; fræða hann um hvað stendur til boða þannig að sem flestir sjái sér hag í að nýta sér þjónustuna.

Helstu markmið náms- og starfsráðgjafar eru að efla sjálfsþekkingu og vitund einstaklinga, aðstoða þá við að bera kennsl á og virkja styrkleika sína út frá áhugasviði og gildum, hjálpa þeim að takast á við breytingar eða hindranir á starfsferli og taka ígrundaðar ákvarðanir varðandi eigin náms- og starfsferil. Liður í ráðgjöfinni er að tengja saman áhuga við tiltekið nám eða starf, halda utan um og veita stuðning í raunfærnimati, leiðbeina og ráðleggja um atriði er varða færnimöppu, ferilskrángerð og atvinnuleit, veita persónulega handleiðslu um hluti er varða nám og störf, veita eftirfylgni o.fl. Þá felst starfið einnig í að hafa samskipti við ólíka samstarfsaðila, halda utan um skráningar viðtala og niðurstöður raunfærnimats.



Steinar Sigurjónsson, náms- og starfsráðgjafi.

Nemendum sem sækja lengri námskeið og námsleiðir hjá Símenntun stendur ávallt til boða að bóka tíma í ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum Símenntunar. Kjarninn í náms- og starfsráðgjöf eru án undantekninga þarfir ráðþega, því án þeirra væri engin ráðgjöf. Leitast er við að mæta einstaklingum á eigin forsendum og því mikilvægt að átta sig á fjölbreytileika þeirra, vera meðvitaður um menningarmun, ásamt því að hafa heildræna sýn yfir markmið, möguleika, tækifæri og árangur hvers og eins. Þrátt fyrir að ráðþegar tilheyri markhópi eru þeir almennt ólíkir einstaklingar og stundum er ráðgjöfin úrræði þegar þeir sjá fram á einhverjar breytingar í lífi sínu, eins og t.d. atvinnumissi eða heilsubrest. Hins vegar er ráðgjöfin ekki síður kostur til að staldra við, skoða eigin stöðu og velta fyrir sér náms- eða starfsþróun. Fjöldmörg dæmi eru um að ráðgjöfin leiði til þess að fólk fari t.d. í raunfærnimat, nám, ljúki námi, finni starf við hæfi, breyti um stefnu á starfsferli o.s.frv.

Náms- og starfsráðgjöf fer að mestu leyti fram á starfsstöðvum Símenntunar og á vinnustöðum og stofnunum á Vesturlandi. Þá hefur rafræn ráðgjöf einnig staðið ráðþegum til boða og hefur henni verið beitt með markvissum hætti; þá til að ná til fleiri aðila á svæðinu, auka við þjónustuna og til að koma betur til móts við þarfir ráðþega á Vesturlandi. Kostir rafrænnar ráðgjafar eru að aðgengi er óháð búsetu og þá getur einnig sparast bæði tími og kostnaður. Gallarnir geta birst í því að ráðgjafarsambandið verður ekki eins náð og erfiðara getur reynst að skapa traust. Eins getur rafræn ráðgjöf reynst flókin fyrir þá sem eru minna tæknivæddir. Fjöldi rafrænna ráðgjafaviðtala hefur aukist jafnt og þétt með árunum og þrátt fyrir að ætla mætti að flestir sem eiga þess kost myndu kjósa að að hitta ráðgjafa í eigin persónu, þá voru rafræn viðtöl alls 48% af heildarfjölda viðtala á árinu.

Símenntun hefur alltaf lagt mikið upp úr góðu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi og almennt hafa þau séð sér hag í því að vera í samstarfi. Dæmi um mikilvæga samstarfsaðila Símenntunar þegar kemur að ráðgjöf eru: Vinnumálastofnun á Vesturlandi, VIRK, stéttarfélög, Starfsendurhæfing Vesturlands, og deildir Rauða krossins á Vesturlandi.

Einstaklingar af erlendum uppruna eru stór hluti af markhóp Símenntunar sem hefur í gegnum tíðina verið leiðandi í að nálgast þennan hóp fólks. Hlutfall þeirra af heildarfjölda ráðþega hefur aukist jafnt og þétt. Náms- og starfsráðgjöf getur reynst þeim gagnleg við margt s.s. atvinnuleit, upplýsingaöflun um nám og störf, mat á reynslu, áhuga, færni og menntun sem getur verið hvati til frekari starfsþróunar og tækifæri í nýju landi. Í vinnu með einstaklingum af erlendum uppruna er hugað vel að því að kortleggja fyrri menntun, reynslu, og færni. Í því skyni er t.d. athugað hvort þessir einstaklingar geti fengið fyrri nám og starfsréttindi metin og staðfest hér á landi. Einnig geta þeir fengið einstaklingsbundna aðstoð við gerð færnimöppu, ferilskrár og aðstoð við gerð kynningarbréfa og umsókna svo eitthvað sé nefnt. 45% ráðþega á árinu voru af erlendum uppruna og Pólverjum fjölga aftur í hópnum.

## Náms- og starfsráðgjöf - tölfræði

| Heildarfjöldi viðtala          | 2023 |
|--------------------------------|------|
| Símenntunarmiðstöð Vesturlands | 601  |

| Kyn         | 2023       |
|-------------|------------|
| Karl        | 299        |
| Kona        | 302        |
| <b>Alls</b> | <b>601</b> |

| Menntunarstig                            | 2023       |
|------------------------------------------|------------|
| Framhaldsskóli<br>(hóf nám en lauk ekki) | 417        |
| Grunnskóli                               | 108        |
| Háskólapróf                              | 20         |
| Iðnmenntun                               | 8          |
| Starfsmenntun - minna en tvö ár          | 10         |
| Starfsmenntun - tvö ár eða meira         | 20         |
| Stúdentspróf                             | 18         |
| <b>ALLS</b>                              | <b>601</b> |

| Aldursbil       | 2022       |
|-----------------|------------|
| 25 ára og yngri | 56         |
| 26 - 35 ára     | 205        |
| 36 - 45 ára     | 129        |
| 46 - 55 ára     | 123        |
| 56 ára og eldri | 88         |
| <b>ALLS</b>     | <b>601</b> |

| Viðtalstegund    | 2022       |
|------------------|------------|
| Hópráðgjöf       | 102        |
| Hvatningarviðtal | 47         |
| Ráðgjafarviðtal  | 452        |
| <b>ALLS</b>      | <b>601</b> |

| Staða á vinnumarkaði     | 2023       |
|--------------------------|------------|
| Annað                    | 98         |
| Atvinnuleitandi          | 216        |
| Hlutastarf og hlutabætur | 6          |
| Í námi                   | 2          |
| Í starfi                 | 205        |
| Starfsendurhæfing        | 71         |
| Öryrki                   | 0          |
| <b>ALLS</b>              | <b>601</b> |

| Ástæða viðtals                          | 2022     |
|-----------------------------------------|----------|
| Að eigin frumkvæði                      | 160      |
| Boðun í viðtal vegna VMST               | 181      |
| Eftir kynningu í fyrirtæki eða tofnun   | 92       |
| Eftirfylgni vegna raunfærnimats         | 22       |
| Færnimöppugerð v. raunfærnimats         | 25       |
| Skimun í raunfærnimat                   | 21       |
| Stuðningur í matssamtali                | 65       |
| Tilvísun frá VIRK<br>endurhæfingarsjóði | 15       |
| <b>ALLS</b>                             | <b>6</b> |

| Ríkisfang    | 2022       |
|--------------|------------|
| Ísland       | 331        |
| Úkraína      | 91         |
| Pólland      | 125        |
| Aðrar þjóðir | 54         |
| <b>ALLS</b>  | <b>601</b> |

Hjá Símenntun á Vesturlandi er alltaf hægt að panta ráðgjafaviðtal við náms- og starfsráðgjafa í gegnum vef Símenntunar, með tölvupósti eða hringja og óska eftir viðtali og ráðgjöf.

## Nám og þjónusta fyrir flóttafólk

Borgarbyggð hefur tekið á móti fólki á flótta í tímabundið búsetuúrræði á Bifröst og var Símenntun frá upphafi aðili að verkefninu. Samningur var gerður við Borgarbyggð um náms- og starfsráðgjöf fyrir fólkið og aðstoð við atvinnuleit. Símenntun annaðist íslenskukennslu og samfélagsfræðslu fyrir hópinn í samstarfi við Vinnumálastofnun og boðið var upp á námskeið í íslensku skattaumhverfi. Á Akranesi hefur líka verið boðið upp á námskeið fyrir flóttafólk. Aðaláhersla er lögð á íslensku og námsleiðina “Atvinnulíf og íslenska” sem er hluti af námskránni “Íslensk menning og samfélag”. Þar að auki hefur verið stuðst við heildrænt námsefni í samfélagsfræðslu sem er aðgengilegt á vefnum Landneminn, en tilgangur og markmiðin fyrir þátttakendur eru:

- Að öðlast þekkingu á mikilvægum sögulegum, félagslegum, efnahagslegum, menningarlegum, lagalegum og pólitískum aðstæðum á Íslandi og að þeir geti tjáð sig um þessar aðstæður.
- Að tileinka sér þekkingu um eigin réttindi, tækifæri og skyldur í íslensku samfélagi og hvernig þeir geta notað þessa þekkingu í daglegu lífi.
- Að geta tjáð sig og fjallað um grundvallar gildi og áskoranir í íslensku samfélagi, lýðræði, jafnrétti og mannréttindi og að þeir geti rætt sínar eigin skoðanir á slíkum málefnum.



Ágúst Pétursson leiðbeinandi ásamt þátttakendum frá Úkraínu



**Guðríður Haraldsdóttir**

## “Gleðilegan bolludag!”

Guðríður Haraldsdóttir, flestum kunn sem Gurri, ólst upp á Akranesi en flutti til Reykjavíkur á unglingsaldri. Árið 2006 snéri hún aftur á heimaslóðirnar og býr nú alsæl við Langasandinn. Hún hefur starfað við fjölmiðla frá 1986, í fyrstu í útvarpi. Hún lauk námi í hagnýtri fjölmiðlun frá Háskóla Íslands 1999 og ári seinna hóf hún störf sem blaðamaður hjá Vikunni, var þar til ársins 2022 og einnig prófarkalesari hjá Birtíngi frá 2017. Síðustu árin hefur hún starfað sem prófarkalesari fyrir ýmis bókaforlög, fósturmóðir og sem leiðbeinandi hjá Símenntun Vesturlands. Sonur hennar, Einar Þór Einarsson, f. 1980, lést í umferðarslysi árið 2018.

Gurri var tilbúin að spjalla við mig og ég byrjaði á að spyrja hana úti kennslu hennar hjá Símenntun.

„Ég byrjaði hjá Símenntun árið 2017,“ segir Gurri og hef svo kennt eitt til tvö námskeið á ári. Ég hafði svo sem enga reynslu í nákvæmlega þessu, aðeins brennandi áhuga á íslensku og fólki en það reyndist vera fínasta blanda.“ Hún bætir við að fyrst hafi eingöngu verið innflytjendur á námskeiðunum en svo hafi flóttafólk bæst við. Það finnst henni reyndar vera frábær viðbót. „Úkraínufólk og Sýrlendingar eru stærsti hópurinn og hafa sýnt mikinn áhuga á að læra málið og aðlagast landi og þjóð.“

Hún nefnir eitt dæmi um þennan áhuga: „Ég fékk fallega kveðju núna á bolludaginn frá sýrlenskri konu, fyrrum nemanda og nú nágranna: „Gleðilegan bolludag, elskan. Friður sé til allra Íslendinga.“ Án efa hef ég gert aðeins of mikið úr okkar annars frábæra bolludegi.“



Guðríður Haraldsdóttir.

**Ég hef á tilfinningunni að þetta orðalag, „Gleðilegan bolludag“, gæti vel festst í okkar samfélagi. Og er kannski bara ágætt. En aftur að námskeiðunum. Þetta eru námskeið í íslensku fyrir erlent fólk sem er að koma til landsins, innflytjendur og flóttamenn. Snúast þau eingöngu um að geta bjargað sér á tungumálinu?**

Gurri segist frá upphafi hafa kappkostað að miðla alls konar kunnáttu sem kemur sér vel í nýju landi. Eftir að námskeiðin lengdust, frá og með seinni hluta síðasta árs, hefur verið hægt að efla þá samfélagsfræðslu til mikilla muna sem hún telur vera mjög af hinu góða.



## Hvernig er sú samfélagsfræðsla, hvað er hún aðallega að tala um?

Gurri segist nota Google Translate þegar erfitt er að útskýra, einnig Google Maps til að sýna á stórum skjá umhverfið á Akranesi, t.d. hvar antíkmarkaðurinn er til húsa, nytjamarkaðurinn, hvar bæjarskrifstofurnar eru, pólska búðin, bókasafnið og slíkt. Fólkið á námskeiðunum hafi verið alsæl með það. Hún bætir við: „Ég segi þeim frá íslenskum útvarps- og sjónvarpsstöðvum, öppum sem eru sniðug til að læra íslensku, ja.is, vedur.is og sitt af hverju fleira sem er bráðnauðsynlegt að vita. Til dæmis hvaða kaffi er súpergott, og sýni þeim sérstakar síður á Facebook sem auglýsa t.d. leiguíbúðir, notuð húsgögn eða gefins dót. Eftir að námið lengdist er hægt að fara yfir svo miklu meira en áður. Klassíska námsefnið er annars mjög gott,

fín kennslubók og önnur viðeigandi kennslutæki á netinu.“

## Þú talaðir um Sýrlendinga og Úkraínumenn. Eru fleiri þjóðerni á námskeiðunum?

„Fjölbreytnin er mikil í þessu gefandi starfi og á seinna námskeiðinu á síðasta ári var fólk af níu þjóðernum. Nemendur mínir fá ekki að útskrifast úr Íslensku I nema geta borið fram orðið „Eyjafjallajökull“ sem þeim finnst auðvitað alveg sjálfsagt. Ég finn fyrir þakklæti nemenda, sérstaklega flóttafólks, fyrir þetta tækifæri sem mun auðvelda þeim að búa og starfa á Íslandi. Námskeiðin eru byggð upp af metnaði og eru Símenntun á Vesturlandi til mikils sóma.“



Eyjafjallajökull.

## Raunfærnimat

Raunfærnimat er viðurkennt matsferli sem gerir fólki úr ýmsum greinum atvinnulífsins kleift að fá reynslu, færni og þekkingu sem það hefur öðlast í starfi metið til eininga. Raunfærnimatið getur stytt nám og auðveldað fólki að hefja nám í sinni grein til þess að öðlast starfsréttindi að því loknu. Til að komast í raunfærnimat þarf viðkomandi að hafa náð 23 ára lífaldri og þriggja ára starfsaldri. Símenntunarmiðstöðvarnar fá 18 mánuði til að vinna raunfærnimatsverkefni.

Samtals fóru 28 einstaklingar í raunfærnimat hjá Símenntunarmiðstöðinni árið 2023 og tveir einstaklingar luku raunfærnimati í iðngreinum í samstarfi við löuna.

### Raunfærnimat í verslun - fagpróf

Á árinu 2023 fóru 8 manns í gegnum raunfærnimat í verslunarfagprófi, 3 karlar og 5 konur. Matsaðili í verkefninu er Garðar Vilhjálmsson kennari og gæðastjóri í MK.

Raunfærnimatið tekur mið af fagnámi í verslun og þjónustu við Verslunarskóla Íslands.

[Fagprof-verslunar.pdf \(verslo.is\)](#)

### Raunfærnimat í búfræði

Raunfærnimatið er framkvæmt í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og er metið á móti námskrá í búfræði.

Á árinu 2023 fóru fimm einstaklingar í gegnum raunfærnimat í búfræði, þrjár konur og tveir karlar. Búfræðibrautin er samtals 135 einingar og var meðaltal metinna eininga á þátttakanda 37,8 einingar. Meðalaldur þátttakenda var 36,2 ár. Símenntun hefur umsjón með raunfærnimati í búfræði á landsvísu.

Matsaðilar í verkefninu eru Eyjólfur Kristinn Örnólfsson sérfræðingur og kennari hjá LBHÍ, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir aðjúnkt, Haukur Þórðarson og Jóhannes Kristjánsson báðir kennarar á framhaldsskólastigi.

Hér má nálgast námskrá í búfræði:

[https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=600008\\_20236&namskra=1&kennsluar=2023](https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=600008_20236&namskra=1&kennsluar=2023)

## Raunfærnimat í kerfisstjórnun

Raunfærnimatið er framkvæmt í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV). Áður var þetta raunfærnimat í tækniþjónustu. Metið er út frá námsbrautinni kerfisstjórnun- grunnur. Kerfisstjórar starfa við umsjón lítilla og stórra tölvukerfa fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Á árinu 2023 fóru þrír einstaklingar í gegnum raunfærnimatið, allt karlar. Meðalaldur þátttakenda var 41,7 ár.

Matsaðili er Guðjón Þór Hjaltalín.

Hér má nálgast upplýsingar um námsbrautina á vef NTV:

<https://ntv.is/namsleid/kerfisstjornun-grunnur-ein-onn>

Hér má nálgast námskrá í tækniþjónustu:

<https://frae.is/wp-content/uploads/2022/01/Taeknithjonusta-1-utgafa-2016.pdf>

## Raunfærnimat í þjónustugreinum

Raunfærnimatið skiptist í raunfærnimat í leikskólaliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða og nær til ófaglærðra starfsmanna sem starfa í leikskólum, grunnskólum eða félagslegri þjónustu, t.d. við umönnun fatlaðra og aldraðra. Metið er út frá námskrám leikskólaliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða.

Á árinu 2023 fóru fimm einstaklingar í raunfærnimat í þjónustugreinum. Tvær konur fóru í raunfærnimat leikskólaliða og tvær konur og einn karl fóru í raunfærnimat félagsliða. Meðaltal metinna eininga á þátttakanda fyrir leikskólaliða voru 72,5 einingar og meðaltal metinna eininga fyrir félagsliða var 76,7 einingar. Meðalaldur þátttakenda var 47,4 ár.

Matsaðili er Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir.

Hér má nálgast námskrá leikskólaliða:

<https://namskra.is/programmes/1981672b-0ed3-4dda-86fb-d3043231caf1>

Hér má nálgast námskrá stuðningsfulltrúa:

<https://namskra.is/programmes/0c1bca5e-7ab7-4b9b-8846-81fdb916eb8d>

Hér má nálgast námskrá félagsliða:

<https://namskra.is/programmes/7fd4971c-70f9-4f95-83d1-c0a6d5f85c12>

## Raunfærnimat í almennri starfshæfni

Í raunfærnimati í almennri starfshæfni er verið að meta þá persónulegu hæfni sem er mikilvæg á vinnumarkaði og er sameiginleg flestum störfum. Almenn starfshæfni er einnig sú hæfni (leikni, viðhorf, breytni) sem einstaklingur þarf að búa yfir eða tileinka sér til þess að taka virkan þátt í samfélaginu, vera á vinnumarkaði, þróast í starfi og geta tekist á við auknar kröfur í starfi.

Á árinu 2023 tóku sjö einstaklingar þátt í þessu verkefni, fjórar konur og þrír karlar. Meðalaldur þátttakenda var 39,4 ár.

Matsaðili í þessu verkefni var Arna Ír Gunnarsdóttir.

Hér má nálgast upplýsingar um almenna starfshæfni á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins:

<https://frae.is/haefnigreiningar/almenn-starfshaefni/>

## Raunfærnimat í samstarfi við aðrar miðstöðvar

Símenntun er í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur um raunfærnimat í iðngreinum og við Visku í Vestmannaeyjum um raunfærnimat í skipstjórn.

Tveir einstaklingar fóru í raunfærnimat í iðngreinum í samstarfi við IÐUNA og fengu að meðaltali 58,5 einingar metnar. Meðalaldur þátttakenda var 47 ár.

## Námskeið um framkvæmd raunfærnimats

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið um raunfærnimat fyrir fagaðila, náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra og aðra sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Slík námskeið eru haldin að meðaltali tvisvar á ári og er lögð áhersla á að allt starfsfólk Símenntunar fari á slíkt námskeið.

Nánari upplýsingar um raunfærnimat má nálgast hér: <https://frae.is/raunfaernimat/>

## Raunfærnimat - tölfræði 2023

| Heiti raunfærnimats       | Fjöldi þátttakenda | Fjöldi kvenna | Fjöldi karla | Fjöldi metinna eininga | Meðaltalsfjöldi eininga pr. þátttakenda | Meðalaldur |
|---------------------------|--------------------|---------------|--------------|------------------------|-----------------------------------------|------------|
| Verslunarfagpróf          | 8                  | 3             | 5            | 321                    | 40,1                                    | 29         |
| Búfræði                   | 5                  | 3             | 2            | 189                    | 37,8                                    | 37,8       |
| Kerfisstjórnun            | 3                  | 0             | 3            |                        | -                                       | 41,7       |
| Þjónustugreinar           | 5                  | 4             | 1            | 375                    | 75                                      | 47,4       |
| Almenn starfshæfni        | 7                  | 4             | 3            | -                      | -                                       | 39,4       |
| Iðan húsasmíði (samstarf) | 2                  |               | 2            | 117                    |                                         | 58,5       |

# Nám og námskeiðahald

## Íslenski hæfniramminn um íslenska menntun

Megintilgangur hæfnirammans er tvíþættur;

- Auka gagnsæi innan menntakerfis viðkomandi lands.
- Auka gagnsæi milli evrópskra menntakerfa.

Hæfniramminn getur einnig nýst almenningi sem tenging á milli óformlegs og formlegs náms, hafi slíkt nám verið sett á hæfniprep. Miðað er við að hægt sé að tengja allt nám sem hefur skilgreind námslok, óháð því hvar það fer fram, við hæfniprep rammans. Ramminn eykur þannig gagnsæi og varpar ljósi á þá hæfni sem einstaklingur býr yfir að loknu tilteknu þrepi. Upplýsingar um hæfni má m.a. nota í ferilskrá, við starfsþróun og í umsókn um nám. Íslenski hæfniramminn telur sjö hæfniprep. Hækkandi þrep endurspeglar auknar hæfnikröfur sem eru skilgreindar í hæfniviðmiðum fyrir þekkingu, leikni og hæfni. Tveimur þrepum, 5. og 6., er skipt upp í 5.1 og 5.2 annars vegar og 6.1 og 6.2 hins vegar í því skyni að draga fram ákveðinn eðlismun á námslokum innan þessara þrepa, t.d. kröfu um reynslu af rannsóknum. Mestallt nám í framhaldsfræðslunni er á 1.-2. hæfniprepi.

Nánari upplýsingar um íslenska hæfnirammann má nálgast hér:

<https://mms.is/um-islenskahaefnirammann>

## Hæfnigreiningar starfa

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þróað aðferð við að greina störf og hæfnikröfur þeirra. Hæfnikröfur starfa eru viðmið um hvaða hæfni þarf til að gegna tilteknum störfum og hversu mikil hún þarf að vera. Niðurstöður hæfnigreininga má nýta með fjölbreyttum hætti svo sem við hönnun á námi til undirbúnings þátttöku í atvinnulífinu, sem viðmið í raunfærnimati, sem hvatningu til starfsþróunar og leiðarljós við gerð starfslýsinga og ráðningu starfsmanna.

Svokallaðir starfaprófilar byggjast á þessum hæfnigreiningum, en starfaprófill dregur fram um hvaða starf er að ræða og hvaða hæfni þarf til að sinna því.

Upplýsingar um hæfnigreiningar má finna hér: <https://frae.is/haefnigreiningar/>

Upplýsingar um starfaprófila má finna hér: <https://frae.is/haefnigreiningar/starfaprofilar/>

## Vottaðar námsleiðir sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út námskrár sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu, og eru vottaðar af Menntamálastofnun. Námskrár sem gerðar eru í dag, byggja margar á svokallaðri hæfnigreiningu starfa eða starfaprófilum.

Vottaðar námsleiðir skiptast annars vegar í almennar námskrár og hins vegar starfstengdar námskrár.

Nánari upplýsingar um vottaðar námsleiðir má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins [www.frae.is/namskrar](http://www.frae.is/namskrar)



## Yfirlit yfir vottaðar námsleiðir árið 2023

| Námskeið                                           | Fjöldi þátttakenda | Konur     | Karlar    |
|----------------------------------------------------|--------------------|-----------|-----------|
| Atvinnulíf og íslenska - Námsleið fyrir flóttamenn | 38                 | 26        | 12        |
| Kvikmyndasmiðja                                    | 10                 | 7         | 3         |
| Grunnnámskeið fyrir Fiskvinnslufólk                | 9                  | 6         | 3         |
| Líf og Heilsa – Lífstílsþjálfun                    | 11                 | 9         | 2         |
| Skref til Sjálfshjálpar í lestri og ritun          | 7                  | 5         | 2         |
| Stökkpallur - kenndur á pólsku                     | 10                 | 5         | 5         |
| Stökkpallur                                        | 10                 | 6         | 4         |
| Stökkpallur 100 klst.                              | 7                  | 1         | 6         |
| Nám í stóriðju (vor og haustönn).                  | 15                 | 1         | 14        |
| <b>Samtals</b>                                     | <b>117</b>         | <b>66</b> | <b>51</b> |

### Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Símenntun og Fjölmenn - símenntunar- og þekkingarmiðstöð hafa undanfarin ár verið í samstarfi um námsframboð fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi. Í þjónustusamningnum er kveðið á um að Símenntun skuli bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi.



Forsenda þess að vel takist til er góð og öflug samvinna við þá aðila sem standa að málefnum fólks með fötlun á svæðinu. Mikilvægt er einnig að benda á að fatlaðir einstaklingar sem njóta námskeiða þurfa að reiða fram hluta kostnaðar úr eigin vasa. Á flestum stöðum kemur sú upphæð frá vinnustaðnum sem hefur náð að koma sér upp sjóði með sölu handverks.

Framboð námskeiða byggist á áhugakönnunum og hugmyndum á hverjum stað fyrir sig auk þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi. Töluverð reynsla er komin á samstarf Símenntunar og vinnustaða fatlaðra og ganga námskeiðin almennt hnökralaust fyrir sig.

## Námskeið á haustönn

|               | Heildarfjöldi þátttakenda | Fjöldi einstaklinga | Fjöldi kennslu-stunda | Alls kennslustundir og þátttakendur |
|---------------|---------------------------|---------------------|-----------------------|-------------------------------------|
| Akranes       | 26                        | 18                  | 33,5                  | 871                                 |
| Fellsendi     | 22                        | 12                  | 24                    | 528                                 |
| Borgarnes     | 32                        | 12                  | 39                    | 1248                                |
| Stykkishólmur | 14                        | 7                   | 30                    | 420                                 |
| Ólafsvík      | 11                        | 6                   | 8                     | 88                                  |
| <b>Alls</b>   | 105                       | 55                  | 134,5                 | 3155                                |

Hér er fjöldi kennslustunda reiknaður sem fjöldi þeirra tíma sem hver þátttakandi fær.

## Sundurliðun þátttöku á haustönn 2023

Fjöldi/skráningar

| Heiti námskeiðs | Kennslustundir | Fjöldi þátttakenda | Fjöldi hópa | Staðsetning   |
|-----------------|----------------|--------------------|-------------|---------------|
| Tónlist og tal  | 13,5           | 10                 | 1           | Fellsendi     |
| Sund1           | 15             | 7                  | 1           | Stykkishólmur |
| Sund2           | 15             | 7                  | 1           | Stykkishólmur |
| Tónlist         | 23             | 16                 | 2           | Akranes       |
| Slökun          | 10,5           | 12                 | 1           | Fellsendi     |
| Næringarfræði   | 10,5           | 10                 | 1           | Akranes       |
| Næringarfræði   | 10,5           | 8                  | 1           | Borgarnes     |
| Sumarnámskeið 1 | 10,5           | 5                  | 1           | Borgarnes     |
| Sumarnámskeið 2 | 9              | 10                 | 1           | Borgarnes     |
| Sumarnámskeið 3 | 9              | 9                  | 1           | Borgarnes     |
| Tónlist         | 4              | 5                  | 1           | Ólafsvík      |
| Dans            | 4              | 6                  | 1           | Ólafsvík      |

Kennslustundir reiknaðar sem samtala allra hópa þar sem um er að ræða tvo eða fleiri hópa.  
Næringarfræðinámskeiðin voru bland af hóptímum og einstaklingstímum.

## Námskeið á vorönn

| Heiti námskeiðs      | Kennslustundir | Fjöldi þátttakenda | Fjöldi hópa | Staðsetning   |
|----------------------|----------------|--------------------|-------------|---------------|
| Sund                 | 5,5            | 7                  | 1           | Stykkishólmur |
| Tónlist              | 3              | 8                  | 2           | Akranes       |
| Hreinlætiog snyrting | 3              | 7                  | 2           | Stykkishólmur |
| Tónlist og tal       | 12             | 8                  | 1           | Fellsendi     |
| Hestanámskeið        | 6              | 6                  | 1           | Ólafsvík      |
| Félagsfærni          | 9              | 1                  | 1           | Borgarnes     |

## Sundurliðun þátttöku á vorönn 2023

Fjöldi/skráningar

|               | Heildarfjöldi þátttakenda | Fjöldi einstaklinga | Fjöldi kennslustunda | Alls kennslustundir og þátttakendur |
|---------------|---------------------------|---------------------|----------------------|-------------------------------------|
| Akranes       | 8                         | 8                   | 5,5                  | 44                                  |
| Fellsendi     | 11                        | 11                  | 12                   | 132                                 |
| Borgarnes     | 1                         | 1                   | 9                    | 9                                   |
| Stykkishólmur | 14                        | 7                   | 8,5                  | 59,5                                |
| Ólafsvík      | 6                         | 6                   | 6                    | 36                                  |
| <b>Alls</b>   | <b>40</b>                 | <b>33</b>           | <b>41</b>            | <b>280.5</b>                        |

Hér er fjöldi kennslustunda reiknaður sem fjöldi þeirra tíma sem hver þátttakandi fær.

Fólki með fötlun var því boðið upp á ýmis námskeið á árinu 2023. Sum námskeiðin hafa náð fótfestu, t.d. Tónlist og tal á Fellsendi sem hefur verið mörg undanfarin ár og alltaf er beðið um Steinku Páls aftur og aftur. Eins hafa tónlistarnámskeið víða rutt sér til rúms og ýmis lífsstílsnámskeið eru alltaf vinsæl. Sumarnámskeiðin sem haldin voru í Borgarnesi eru nýjung í flórana og eru án efa komin til að vera.

**Nánari upplýsingar um starfsemi Fjölmennatar – símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar er að finna á [www.fjolmennt.is](http://www.fjolmennt.is)**

## Stóriðjuskóli Norðuráls

Stóriðjuskólinn hefur verið starfræktur frá árinu 2012 og er samvinnuverkefni Norðuráls, Símenntunar á Vesturlandi og Fjölbautaskóla Vesturlands. Auk kennara á vegum Símenntunar og FVA koma sérfræðingar frá Norðuráli og löðunni að kennslunni.

Tilgangur námsins er meðal annars að auka verðmætasköpun og styrkja samkeppnisstöðu, auka öryggi starfsfólks við vinnu og efla starfsánægju.

Í janúar 2023 hófst framhaldsnám í Stóriðjuskólanum. 15 nemendur hófu nám sem áætlað er að ljúki í júní 2024. Frá upphafi skólans hafa alls 134 nemendur útskrifast, þar af 36 úr framhaldsnámi. Tæp 80% útskrifaðra nemenda starfa enn hjá Norðuráli.

## Velferðarskóli Vesturlands

Velferðarskóli Vesturlands er verkefni sem snýr að starfsfólki í velferðarþjónustu sveitarfélaganna. Vegna mannabreytinga í verkefnastjórn og stýrihópi varð bið á því að verkefnið héldi áfram. Á vorönn var haldið námskeiðið Geðraskanir, þar sem Halldóra Jónsdóttir flutti erindi. Á haustönn hélt Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir námskeið í réttri líkamsbeitingu og loks hélt Aldís Arna Tryggvadóttir námskeið í samskiptum og samvinnu. Verkefnið er kostað af SSV en einnig greiða starfsmenntasjóðir fyrir sína félagsmenn. Verkefnið er nú komið í fastan farveg, þar sem stýrihópur hittist reglulega og verkefnastjóri heimsækir forstöðufólk og kemst þannig í snertingu við óskir og þarfir starfsfólks í velferðarþjónustu sveitarfélaganna. Mæting á námskeiðin jókst mjög eftir því sem leið á árið og alls voru 129 mætingar á námskeiðin og almennt ríkti mikil ánægja með það sem boðið var upp á.

## Fjölmenningskóli Vesturlands

Verkefnið er áhersluverkefni innan Sóknaráætlunar Vesturlands og hefur það fyrst og fremst að markmiði að ná til og styðja við íbúa af erlendum uppruna í landshlutanum og efla þá til þátttöku á vinnumarkaði. Íbúar af erlendum uppruna eru um 16,7% íbúa á Vesturlandi og um 18% á landsvísu. Leitast var við að bjóða fólki af erlendum uppruna upp á raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf, aðstoð við ferilskrángerð, atvinnuleit og mat á námi erlendis frá í gegnum ENIC/NARIC. Einnig var boðið upp á ýmis námskeið, svo sem í íslensku og samfélagsfræðslu. Um var að ræða samstarf við VMST, Akraneskaupstað og Borgarbyggð. Unnið var ferilskrá námskeið á pólsku sem nota má með pólskumælandi fólki og í undirbúningi er að gera annað á ensku. Haldin hafa verið fjölmenningsfærninámskeið þar sem sérstök áhersla er lögð á að útskýra ólíkar birtingarmyndir fordóma og staðalímynnda útfrá mannfræðilegu sjónarhorni, samhliða vinnustofum. Mikil ánægja hefur verið hjá þeim hópum sem hafa sótt námskeiðin hingað til og verða þessi námskeið áfram í boði.

Í verkefninu fólst einnig að hanna móttökuáætlun fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi og hafa drög verið send SSV.

Símenntun stóð fyrir námskeiði í góðum samskiptum og fordómafræðslu sem haldið var í grunnskóla Borgarness undir vorið, fyrir alla árganga, kennara og starfólk. Hver ágangur fékk u.þ.b. 30 mínútna fræðslu og umræður. Leiðbeinandi var Jasmina Vajzovic Crnac.

Þetta verkefni hefur haldið áfram og fleiri skólar á Vesturlandi hafa nýtt sér það.

Lögð hefur verið aukin áhersla á íslenskukennslu en haldin voru alls 14 námskeið á árinu. Sérhannað íslenskunámskeið var í boði fyrir starfsfólk í umönnunarstörfum.

Jovana Pavlovic

## Íslendingar og staðalímyndir

Spjallað við Jovönu Pavlovic, markaðs-  
verkefnisstjóra og fjölmenningsfulltrúa hjá  
Símenntun. Jovana sem er mannfræðingur  
að mennt og leiðbeinandi í námskeiðinu  
Fjölmenningsfærni hjá Símenntun, er sjálf  
innflytjandi og býr yfir mikilli persónulegri  
reynslu sem einstaklingur af erlendum uppruna á  
Íslandi. Hún hefur einnig starfað með flóttafólki  
sem verkefnastjóri Rauða krossins (á Bifröst)  
og m.a. haldið erindi um innflytjendur og  
kynþáttafordóma fyrir íslenska ferðamenn.

Spyrjum Jovönu fyrst um það hvað  
fjölmenningsfærni eiginlega er?

Jovana umorðar spurninguna strax: „Spyrjum  
kannski fyrst: hvað er fjölmennig? Við tölum oft  
um hugtakið „fjölmennig“ í orðræðu okkar þegar  
að við erum að lýsa íslensku samfélagi nútímans.  
En hvað er fjölmennig? Flestir virðast upplifa  
fjölmenningu í gegnum þær birtingarmyndir að  
núna sé hægt að fá sér kebab einhvers staðar eða  
kaupa pólskar vörur, en á sama tíma ríkir ótrúlega  
mikil fjarlægð, samskiptaleysi og skilningsleysi milli  
íslensks samfélags og annarra menningarheima.“

**Mér finnst ég kannast við þetta. En bið hana samt  
að útskýra aðeins betur.**

„Íslendingar upplifa aðra menningarheima aðallega  
í gegnum staðalmyndir“, heldur Jovana áfram, „og  
haga sér mjög oft ómeðvitað gagnvart þeim út frá  
því. Að sjálfsgöðu er enginn ásetningur til staðar,  
fólk heldur oft að hlutirnir „séu bara svona“. Maður  
hefur sem einstaklingur af erlendum uppruna  
fengið af og til tækifæri til þess að útskýra fyrir  
Íslendingum sína trú, hefðir, sögu, heimsmynd  
og veruhátt. En það hefur rosalega lítið vægi



Jovana Pavlovic, markaðs- verkefnisstjóri og fjölmenningsfulltrúi.

þegar ríkjandi samfélagsorðræða heldur áfram  
að endurskapa aðra menningarheima í gegnum  
staðalmyndir. Íslensk samfélagsumræða t.d.  
endurskar minn heimshluta, Balkanskaga, í  
gegnum staðalmyndir og vestræna narratívu.“

**Segðu okkur meira frá þinni reynslu.**

„Já, maður veit stundum ekki hvernig maður  
á að haga sér í samskiptum við Íslendinga. Ef  
maður t.d. sýnir „of miklar“ tilfinningar þá er oft  
reynt að útskýra þessa hegðun með því að vísa í  
klassísku staðalmyndina um Balkanskagann sem  
„púðurtunnu Evrópu“ – einstaklinga sem hafa ekki  
stjórn á tilfinningum sínum. Ef maður sýnir ekki  
tilfinningar í réttu samhengi er maður „kaldur Slavi“.




Ég hef oft ofhugað þegar ég verð fyrir einhverju óréttlæti, t.d. finnst illa komið fram við mig á vinnustað, hvort ég ætti nokkuð að „vera með vesen“ við yfirmanninn og hvort hans viðhorf til mín og uppruna míns muni breytast í „púðurtunnu Evrópu“. Það hefur oft endað þannig að maður ofhugsi hlutina og komist að þeirri niðurstöðu að það sé best að segja ekkert og bara sleppa þessu. Það er líka svo áhugavert að samtvinna þessar staðalmyndir við t.d. umræðuna um femínisma á Íslandi sem vill opna umræðuna um að karlmenn eigi að sýni meiri tilfinningar. Maður sér það á mörgum karlmönnum í kringum sig sem eru t.d. af serbneskum uppruna að það ríki ákveðinn ágreiningur um hvernig þeir eigi að sýna þær tilfinningar sem íslenskt samfélag krefst af þeim? Hvernig geta þeir verið vissir um að þeir verði ekki samstundis fyrir þessum staðalímyndum?“

Þetta hljómar dálítið flókið. Og er ekki vandamál sem ég, upprunalegur Íslendingur, hef nokkru sinni staðið frammi fyrir. „En Jovana, þú ert svo með námskeiðin, Fjölmenningarfærni. Þar er kannski tækifæri til að fjalla um þessa hluti líka?“

Á námskeiðinu sem er í boði hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi Fjölmenningarfærni og Jovana er leiðbeinandi á, er fyrst og fremst lögð áhersla á að þátttakendur velti fyrir sér ómeðvituðum fordómum á öðrum menningarheimum sem byggjast á ríkjandi staðalímyndum í íslensku samfélagi.

„Ég fjalla t.d. aðeins um bókina *Orientalism* eftir bókmenntafræðinginn Edward Said (1935-2003), verkið afhjúpar öðrun eða annarleika (e.



Otherness) og hefur verið mikið í umræðunni í samhengi við fjölmennningarumræðuna og nýlenduhbyggju,“ segir Jovana. Orientalism er hægt að þýða sem Austurlandafræði, og eins og kemur fram á Vísindavefnum þá sýnir höfundur fram á tengsl við öðrun eða annarleika og heimsvaldastefnu. Til þess að réttlæta drottun yfir öðrum þjóðum á tímum nýlendustefnunar þurfti að skapa hóp sem var óæskilegur eins og kápan á bókinni Orientalism sýnir fram á. „Við áttum okkur

ekki á því að sú þekkingarsköpun sem myndaðist á tímum evrópskrar nýlenduhbyggju útmálaði aðra menningarheima sem „fjarlæga, ókunnuga og órökræna“ í gegnum staðalmyndir, sem skapar þessa öðrun eða annarleika. Þessar staðalmyndir hafa alls ekki verið afmótaðar á árangursríkan hátt og eru enn ríkjandi í dag út um allt í samfélaginu, í kennslubókum, listum, bókmenntum og fjölmiðlaorðræðu.“

### Staðalímyndir. Svolítið lúmskt fyrirbæri, er það ekki? Erfitt að eiga við kannski?

Jovana segir að þetta sé að sjálfsögðu stór umræða, en að við þurfum að byrja einhversstaðar til þess að vera meðvituð og afmóta þessar staðalmyndir. „Í námskeiðinu tek ég nokkur dæmi úr samtímanum, hvernig þær birtast okkur í kvikmyndum og fjölmiðlum. Síðan er vert að hafa í huga að við búum í hnattvæddum heimi og oft eru staðalmyndir sem eru ríkjandi hér á landi innfluttar frá Evrópu eða Bandaríkjunum, og við endursköpum þær af því heimsmýnd okkar litast oftast af evrósentrískri perspektívu [sjónarhorni sem byggist á evrópskum bakgrunni (innsk.blm) við höfum ekki ennþá „getu“ til þess að hafna þessum staðalímyndum þegar við

sjáum þær, hvort sem þær birtast okkur í mynd eða textaformi.“

**Það er nokkuð ljóst að þarna talar mannfræðingurinn Jovana. Hún heldur áfram:**

„Þetta á líka t.d við um kynþáttafordóma, hugmyndir okkar um kynþáttafordóma eru oft litaðar af bandarískum raunveruleika, Íslendingar geta almennt borið kennsl á birtingarmyndir kynþáttafordóma í bandarísku samhengi sem er þá oft í birtingarmynd grófs lögregluofbeldis, en hvernig birtast þær á Íslandi? Í íslenskum skólum? Eða á íslenskum vinnustöðum? Það þarf ekki gróft lögregluofbeldi til þess að tala um kynþáttafordóma, það geta verið fordómar vegna klæðnaðar, matarmenningu, útlits og svo framvegis.“

### Hvernig er námskeiðið byggt upp?

„Námskeiðið er mótað þannig að það er um það bil 60 mínútna fyrirlestur þar sem farið er yfir staðalmyndir, kynþáttafordóma, fjölmenningu og svo framvegis, síðan eru vinnustofur sem fær fólk aðeins til þess að pæla í hvernig þetta allt birtist okkur í íslensku samhengi og hvað mætti fara betur. Þetta er mikið til þess að taka inn og pæla, þannig að námskeiðið er í um það bil 4 tíma. Það hafa nokkrir vinnustaðir setið þetta námskeið á Vesturlandi og viðtökurnar hafa verið mjög jákvæðar. Vonandi verður hægt að fara með þetta námskeið víðar um landið, en þá þarf líka að skapast vilji til þess, enda er þetta samfélagslegt verkefni.“

**Já, við getum öll verið sammála um það að við sem samfélag þurfum að ræða þessi mál vel og með opnum huga og af þekkingu.**



Aladdin. Teiknimyndin vinsæla frá Disney: staðalímyndir?

### En hvernig hefur gengið á námskeiðunum og finnst henni fólk taka þessu með opnum huga?

Jovana segir að það hafi komið sér á óvart hvað margir taka vel í þetta og hversu fjölbreyttir hópar nái vel utan um viðfangsefnið sem hún fjallar um. „Það sýnir mér a.m.k að ég sé að gera eitthvað rétt og hafi náð að brjóta niður þessa þekkingu sem er almennt akademískt eins og hugtakið Orientalism á mannamáli.“

Að lokum segir Jovana Pavlovic, verkefnisstjóri hjá Símenntun: „Umræðan um fjölmenningu getur verið bæði flókið og viðkvæmt málefni. Ég held að það sem skiptir máli í svona námskeiði er að það komi skýrt fram að vandinn og ábyrgðin liggja ekki hjá einstaklingum, heldur eru hún samfélagsleg, mörg af þessum vandamálum sem ég tala um eru kerfisbundin vandamál.“

## Námskeið fyrir skiptinema við Landbúnaðarháskóla Íslands

Líkt og síðustu ár annaðist Símenntun kennslu fyrir erlenda skiptinema við Landbúnaðarháskóla Íslands. Námskeiðið skiptist í þrjá hluta; grunnþætti íslensks tungumáls, íslenska sögu og menningu og loks vettvangsferðir. Sett var upp námskeið þar sem leiðbeinandi var með skiptinemunum á Hvanneyri einu sinni í viku í 6 skipti, 1,5 klst. í senn. Einnig var farið í vettvangsferðir, annars vegar í uppsveitir Borgarfjarðar; í Kraumu, Hraunfossa og Reykholt, og hins vegar á Akranes. Þar var farið í Akranesvita þar sem hlítt var á staðarhaldara, farið alla leið upp og spilað var á gítar og sungið í ótrúlegum hljómburði vitans. Loks var haldið á Byggðasafnið þar sem grunnsýning um lífið á Akranesi allt frá 17. öld til 20. aldar var skoðuð. Í kennslustundunum var boðið upp á örnámskeið í íslensku þar sem nemendur gátu tileinkað sér einföld tjáskipti og lært íslenska hljóðsetningu, fjallað um uppbyggingu íslensks samfélags og um íslenskar hefðir og dægurmál og menningu. Einnig var fjallað um íslenska náttúru, jarðfræði og landafræði Íslands.

Skiptinemarnir voru 22 og komu víða að. Líkt og áður komu flestir frá Frakklandi og Þýskalandi en einnig voru nemendur m.a. frá Noregi, Færeyjum, Hollandi, Finnlandi, Tékklandi og Ítalíu. Afar góður andi og áhugi var í hópnum og námskeiðinu lauk með matarveislu þar sem allir komu með eitthvað úr sinni heimabyggð.



Skiptinemarnir í vettvangsferð.



## Tæknilæsi 60+

Í febrúar 2022 gerði Símenntunarmiðstöð Vesturlands samning til eins árs við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um skipulagningu og kennslu fjórtán námskeiða í tæknilæsi fyrir eldra fólk á Vesturlandi (60 ára og eldri). Hvert námskeið var átta klukkustundir í staðnámi. Námskeiðið miðaðist við að kennt yrði fjórum sinnum, tvær klukkustundir í senn. Flest námskeiðin voru kennd tvisvar í viku og var um mjög einstaklingsmiðaða kennslu að ræða þar sem aðeins 8 þátttakendur komust að á hvert námskeið. Á námskeiðunum var þátttakendum kennt á ýmis grunnatriði tæknilæsis svo sem rafræn samskipti, netverslun og notkun rafrænna skilríkja. Eins var fjallað um samfélagsmiðla, þær hættur sem leynast við netnotkun og farið var í ýmsa þætti sem þátttakendur óskuðu eftir. Kynning á námskeiðunum var í flestum tilfellum unnin í samstarfi við félög eldri borgara á hverjum stað fyrir sig. Verkefnastjóri átti í afar góðum samskiptum við formenn og stjórnarfólk í félögum eldri borgara og telja má að þátttaka þeirra í verkefninu hafi tryggt þann mikla áhuga sem skapaðist. Alls staðar á Vesturlandi eru virkilega öflug félög eldri borgara og þar býr mikill mannauður sem mikilvægt er að fái að njóta sín.

Í lok námskeiðanna tóku þátttakendur kennslukönnun þar sem spurt var að ýmsu sem snéri að námskeiðunum. Skemmst er frá því að segja að nær allir þátttakendur voru afar jákvæðir eða ánægðir með námskeiðið sem þeir sóttu. Því er óhætt að fullyrða að þetta námskeiðahald hafi heppnast mjög vel og vilji Símenntunar stendur til þess að auka námsframboð til handa eldri borgurum.

## Fyrirtækjapjónusta

Hjá Símenntun á Vesturlandi er verið að leggja aukna áherslu á fyrirtækjafræðslu og þjónustu við fyrirtæki og stofnanir og fræðslu innan þeirra. Sú aukna áhersla kemur í framhaldi af stefnumótun í markaðsmálum sem nýverið var unnin og hefur aðstoðað við að skýra enn frekar fókusinn á fyrirtækjafræðslu innan Símenntunar.

Lagður var grunnur að auknu samstarfi við bæði fyrirtæki og stofnanir á svæðinu með samtali og heimsóknum, bæði rafrænum og í raunheimum og var því haldið áfram á þessu ári. Í þessum heimsóknum höfum við kynnt hvaða þjónustu Símenntun getur veitt í fyrirtækjafræðslu og eru þó nokkur mismunandi verkefni í undirbúningi í framhaldi af því.

Á komandi ári mun Símenntun halda áfram að rækta sambandið við fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi og aðstoða þau varðandi fræðslumál á framúrskarandi hátt.

Á síðasta ári voru fjöldi námskeiða sem haldin voru fyrir fyrirtæki og stofnanir á svæðinu tæplega 40 og nemendastundirnar voru um 2000.



## Fræðslustjóri að láni

Á árinu 2023 var lögð talsverð áhersla á að kynna verkefnið Fræðslustjóri að láni meðal fyrirtækja og stofnana á Vesturlandi. Í samtölum og heimsóknum til fyrirtækja og stofnana hafa verkefnastjórar Símenntunar fundið fyrir auknum áhuga fyrirtækja á fræðslumálum og sérstaklega verkefninu.

Fræðslustjóri að láni byggist á því að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja og stofnana sem er sérhæfður í vinnustaðafraeðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu og þjálfunarmál, hampar því sem vel er gert og setur fram áætlun um hvernig megi bæta það sem þarf að bæta. Verkefnið byggir m.a. á því að skipulega er unnið að starfsmannapróun og verkefnum sem tengjast skipulagningu menntunar, þjálfunar og öðru sem tengist uppbyggingu starfsfólks.

Starfsmannapróun er eitt mikilvægasta verkfærið til að þróa og bæta fyrirtæki og stofnanir. Til að hægt sé að mæta þörfum starfsfólks er lykilatriði að vinna góða þarfagreiningu. Í verkefninu Fræðslustjóri að láni er lagt til grundvallar að stjórnendur og aðrir starfsmenn vinni saman að þeirri uppbyggingu sem þörf er á. Boðið er upp á einföld tæki sem fyrirtækin geta notað og sniðið að eigin þörfum og gengið úr skugga um að starfsmannastefna fyrirtækisins sé í takt við aðra þróun innan þess. Með þessum hætti fæst yfirlit yfir mannauð fyrirtækisins og hvernig hægt er að þróa hann áfram. Fyrirtækið þarf ekki að eyða tíma í að þróa sitt eigið kerfi heldur getur nýtt krafta sína í önnur verkefni. Margir starfsmenntasjóðir stéttarfélaganna niðurgreiða verkefnið Fræðslustjóri að láni og meðal annars er hægt að fá upplýsingar um sjóðina á vefnum Áttin: [www.attin.is](http://www.attin.is).

Á árinu 2023 var eitt verkefni af þessu tagi, fyrir hjúkrunarheimilið Höfða á Akranesi. Gerð var þarfagreining á fræðsluþörfum starfsfólks Höfða og afurð verkefnisins er fræðsluáætlun til tveggja ára sem fer í gang á vorönn 2024. Annað verkefni um fræðslustjóra að láni er í undirbúningi og mun vinna við það hefjast í mars 2024. Auk þess voru haldnar nokkrar kynningar á verkefninu. Innan Símenntunar hefur svo verið í þróun verkefni sem kallast *Fræðslustjóri að leigu* en í því felst að Símenntun og fyrirtæki eða stofnun sem farið hefur í gegnum Fræðslustjóri að láni, gera með sér samkomulag um að ráðgjafi Símenntunar verði viðkomandi fyrirtæki eða stofnun innan handar við skipulagningu og framkvæmd samkvæmt áætluninni. Að fá fræðslustjóra að leigu hentar oft vel þegar ekki er til staðar fræðslustjóri og/eða mannauðsstjóri hefur ekki svigrúm til að sinna fræðslumálum eins og þarf. Fjögur verkefni um fræðslustjóra að leigu eru í gangi núna hjá Símenntun.



# Samstarfsverkefni - innlend og erlend

## Innlend verkefni

### Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur

Símenntun á Vesturlandi hefur verið í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi undanfarin ár eða allt frá efnahagshruni. Á árinu 2023 sóttu atvinnuleitendur ýmis námskeið. Símenntun býður í auknum mæli upp á nám á netinu og geta atvinnuleitendur af öllu landinu sótt námið.



Kenndar voru vottaðar námsleiðir, íslenskunámskeið og boðið upp á nám á pólsku. Atvinnuleitendur af erlendum uppruna fara í stöðumat í íslensku ef VMST óskar eftir því. Niðurstaðan nýtist bæði í atvinnuleit en gerir jafnframt íslenskukennslu markvissari. Auk þess gera þátttakendur á íslenskunámskeiðunum ferilskrár í lok námskeiðs sem síðan eru vistaðar á vef Vinnumálastofnunar.

Símenntun hefur haldið stök námskeið í ferilskrárgerð fyrir atvinnuleitendur. Í kjölfarið fá þeir viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa, sem aðstoðar þá við að ljúka ferilskránni og uppfæra á vef Vinnumálastofnunar.

### Ýmsan fróðleik og tölfraði má finna á vef Vinnumálastofnunar

[www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)

### Rauði kross Íslands

Símenntun hefur verið í farsælu samstarfi við deildir Rauða kross Íslands, bæði Vesturlandsdeild og Akranesdeild. Rauði krossinn og Símenntun halda skyndihjálparnámskeið fyrir fyrirtæki og einstaklinga samkvæmt eftirspurn. Rauði krossinn útvegar gögn og leiðbeinendur en SMV leggur til húsnæði og auglýsir námskeiðin.



### Þjónusta við fjarnema

Fjarnemar nýta sér í auknum mæli þjónustu símenntunarmiðstöðva um allt land til að taka próf í heimabyggð. Ásókn í þessa þjónustu á Vesturlandi hefur aukist mjög síðustu ár og fjölgar stöðugt. Í boði er að taka próf á 6 stöðum á Vesturlandi, (Akranesi, Borgarnesi, Búðardal, Grundarfirði, Ólafsvík og Stykkishólmi) og er Símenntun með verktaka sem sjá um yfirsetu og utanumhald. Flestir þeir nemendur sem nýta sér þjónustuna eru í námi við háskólana á Íslandi en einnig í Keili, Endurmenntun HÍ, Opna háskólanum, framhaldsskólum o.fl. Árið 2023 voru tekin alls 788 próf í umsjón Símenntunar á Vesturlandi á þessum sex stöðum og prófin voru alls frá 13 skólum. Prófin voru áður gjaldfrjáls og féll kostnaður á Símenntun. Stjórn Símenntunar ákvað að breyta því og nú er í gildi gjaldskrá fyrir þessa þjónustu. Allir sem taka próf greiða gjald og ferð upphæðin eftir lengd prófs. Þetta hefur einfaldað ferlið og gert Símenntun kleift að ráða fasta verktaka til að sinna verkefninu.

## Erlend verkefni

### Motive

Símenntun á Vesturlandi leiddi evrópska samstarfsverkefnið MOTIVE þar sem skrifuð var handbók um gagnlegar aðferðir í fjarkennslu í fullorðinsfræðslu og starfsnámi. Einnig voru gerð myndbönd samkvæmt forskrift og haldið málþing. Verkefninu lauk í júlí 2023. Aðrir þátttakendur í verkefninu voru frá Búlgaríu, Spáni, Kúpur og Grikklandi. (myndir) <https://motive.laguajiradealmeria.com/>



### Active Citizenship in Adult Education


Símenntun var þátttakandi í Nordplus verkefni um borgaravitund. Það er ársverkefni og samstarfsaðilar eru Menntaskólinn á Tröllaskaga, KVUC í Danmörku, KSL í Finnlandi og SE-Upplands-bro vuxenutbildning í Svíþjóð.

Verkefnið Active citizenship in adult education, gengur fyrst og fremst út á að miðla þekkingu og reynslu með norrænum kollegum. Borgaravitund má skilgreina sem þríhliða hugtak sem snýr að réttindum, þátttöku og þegnskap í samfélagi. Á Norðurlöndunum er borgaravitund gjarnan skilgreind t.d. sem hæfni til mikilvægrar ákvarðanatöku, getu til að taka þátt í samfélaginu og að axla ábyrgð. Þrátt fyrir slíka skilgreiningu getur verið munur á því hvernig unnið er með borgaravitund í skólastarfi. Það er áhugavert að afla sér nýrrar þekkingar, skiptast á reynslu og rökræða við norræna kollega um hvernig megi efla borgaravitund. Hugmyndin að verkefninu spratt upp úr jarðvegi kennara í fullorðinsfræðslu sem vilja skoða hvernig borgaravitund getur skapað tengsl milli kennslustofunnar og nærsamfélagsins og hvernig má takast á við nýjar áskoranir sem kennarar standa frammi fyrir. Þar á meðal eru áætlanir um hvernig eigi að kenna og fjalla um umdeild samfélagsleg málefni og hvernig skapa megi góð skilyrði fyrir lýðræðislegt samtal í fullorðinsfræðslu.

Þátttakendur hittust í Helsinki í mars og í Kaupmannahöfn í apríl og var það jafnframt lokafundurinn. Þá var endað með ráðstefnu um borgaravitund og var Vincent F. Hendricks einn fyrirlesara, en hann er þekktur dansk-amerískur heimspekingur. Hann fjallaði um almennar og formlegar nálganir í þekkingarfræði og rökfræði með því m.a. að benda á hvernig “Big tech” stýrir skoðunum okkar og ögrar lýðræðinu.



Íslensku þátttakendurnir ásamt Nasimu Razymar þáverandi borgarfulltrúi menningarmála í Helsinki.



Vincent F. Hendricks.

## Samtök í fullorðinsfræðslu

### Símennt, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Símennt (áður Kvasir) eru samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, en 11 símenntunarmiðstöðvar eiga aðild að samtökunum. Markmið samtakanna eru m.a. að efla símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi, þar sem lögð er áhersla á að efla þekkingu og hæfni einstaklingsins og að auka vitund fyrirtækja og stofnana á mikilvægi símenntunar starfsfólks í krefjandi og síbreytilegu starfsumhverfi. Innan Símenntar er unnið að sameiginlegum hagsmunum miðstöðvanna, en símenntunarmiðstöðvarnar eru um allt land. Níu þeirra eru á landsbyggðinni og tvær á höfuðborgarsvæðinu.



Starfsfólk stöðvanna hittist nú á reglulegum fundum tvisvar á ári auk þess sem samskipti eiga sér stað á samfélagsmiðlum.

### Leikn

Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvári þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Samtökin vilja stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla, eru lögaðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis. Einnig geta aðilar innan hins formlega skólakerfis sem starfa að mestu leyti í samræmi við tilgang og markmið Leiknar orðið aðilar. Símenntun er aðili að Leikn.



Nánari upplýsingar um Leikn má finna á [www.leikn.is](http://www.leikn.is)

## Ragnhildur Kristín Einarsdóttir

# Allar fjölskyldur þurfa tengilið

Rætt við Ragnhildi Kristínu Einarsdóttur, aðstoðarskólastjóra í Grunnskólanum í Borgarnesi. Grunnskólinn í Borgarnesi fékk Símenntun til að halda námskeið í fjölmenningsfærni fyrir starfsfólk sitt á síðasta ári. Þetta var í ágúst sl. og Jovana Pavlovic var leiðbeinandi. Við höfðum samband við Ragnhildi Kristínu og spurðum út í þetta nánar.

**Hvernig kom þetta til?** „Þessi námskeið höfðu verið í boði fyrir starfsmenn Borgarbyggðar,“ svarar Kristín „en ekki var hægt að nýta sér það vegna þess að við gátum ekki sent alla starfsmenn á hálf dags námskeið á skólatíma vegna eðlis starfseminnar.“ Þess vegna báðu stjórnendur skólans um sér námskeið fyrir starfsfólkið og vegna fjölda urðu námskeiðin tvö. Þau voru haldin í upphafi skólaársins.

**Hvers vegna vilduð þið fá þetta námskeið?** „Hér í skólanum er nemendum af erlendu bergi að fjölga mikið þessa dagana og misserin og því töldum við mikla þörf fyrir fræðslu af þessu tagi, þetta viðfangsefni tengist mikið inn í okkar starf.“ svarar Kristín. Allt starfsfólk skólans sat námskeiðið, kennarar, stuðningsfulltrúar, starfsmenn eldhúss og stjórnendur og sýnir það áhersluna sem lögð er á þennan málaflokk í Grunnskólanum í Borgarnesi.

Kristín segir námskeiðið hafa verið fróðlegt og starfsmenn mjög ánægðir með það. Þetta hafi verið eitt af þessum námskeiðum þar sem fyrirlesarinn hélt athygli fólks allan tímann. Eftir námskeiðið



Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Grunnskólanum í Borgarnesi.

urðu fordómar gagnvart fleiri minnihlutahópum að umræðuefni í samtölum fólks. Kristín segist aðspurð vissulega hafa orðið vör við fordóma í garð innflytjenda, hælisleitenda og flóttamanna en þó ekki í vinnunni.

Þegar talið berst að því hvernig gangi í hennar sveitarfélagi að taka á móti flóttafólki – Borgarbyggð hefur auðvitað verið í stóru hlutverki í því verkefni



– segir Kristín að margt sé vel gert að hennar mati. Sem dæmi voru ráðnir úkraínskir kennarar til starfa í skólann á Varmalandi (áður Varmlandskóli, nú hluti af Grunnskóla Borgarbyggðar) sem er áhugavert og kannski til eftirbreytni. Þá segir hún að í hennar skóla í Borgarnesi hafi þau sl. haust, eflt kennslu og utanumhald við nemendur af erlendu bergi með ráðningu verkefnisstjóra og bættri móttöku nemendanna. Þó megi alltaf bæta hlutina og þá er hún aðallega að hugsa um utanumhald fyrir fjölskyldur til lengri tíma.

**Hverjar eru þá helstu áskoranirnar fyrir okkur sem erum hérna fyrir í samfélaginu þegar stórir hópar**

#### **flóttafólks og innflytjenda koma til landsins?**

Kristín er fljót til svars: „Það er að halda nógu vel utan um fólkið og fylgja því eftir. Það þarf meira fjármagn í það og auðvitað mannskap líka. Sömuleiðis í skólana til að kenna nemendum og eins að efla fræðslu um íslenskt samfélag og efla íslenskukennslu fyrir fullorðna. Aðstoða þá við að komast á vinnumarkað.“

Að lokum segir Kristín að í raun þyrftu allar fjölskyldur að hafa tengilið í sveitarfélaginu sínu sem hjálpar fólki við að fóta sig.





# Úr ýmsum áttum

## Ljósmyndasamkeppni

Sumarið 2023 stóð Símenntun fyrir ljósmyndakeppni. Viðfangsefnið var fjölmenning og allir gátu tekið þátt. Þátttakendur áttu að taka mynd af einhverju sem þeim fannst vera fjölmenning, eitthvað sem þeir tengja við fjölmenningu eða eitthvað sem minnir þá á fjölmenningu. Til þess að myndin væri gild þurfti að birta myndina á samfélagsmiðlum eins og á Facebook og/eða Instagram og tagga hana með: **#fjölmenningavesturlandi** **#multiculturewesticeland** **#simenntunmulticulture** – og einnig tagga Símenntun á Vesturlandi með: **@simenntun** þegar myndinni var póstað. Þegar þessu ferli var lokið voru myndir sendar í tölvupósti til Símenntunar. Sami ljósmyndari mátti senda inn fleira en eina mynd. Símenntun á Vesturlandi áskildi sér rétt til að birta innsendar myndir á eigin samfélagsmiðlum, á heimasíðu og almennt við gerð markaðsefnis.



Myndin „Lífið í lit“ er vinningsmyndin og þótti endurspegla fjölmenningu og fjölbreytileika vel.

## Starfsendurhæfing Vesturlands

Starfsendurhæfing Vesturlands (StarfVest) var formlega stofnuð 11. desember 2014 og er til húsa á Suðurgötu 57 á Akranesi. Hlutverk hennar er að veita fólki starfsendurhæfingu sem hefur verið utan vinnumarkaðar vegna veikinda, slysa eða annarra aðstæðna og þurft stuðning við endurkomu á vinnumarkaðinn. Fjármögnun StarfVest er eingöngu í gegnum samstarfssamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð.

Símenntun er stofnaðili að Starfsendurhæfingu Vesturlands og á fulltrúa í stjórn. Aðrir stofnaðilar eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Verkalúðsfélag Akraness og Stéttarfélag Vesturlands.

Símenntun og Starfsendurhæfingin eru í miklu og góðu samstarfi með námstækifæri, ýmsa fræðslu, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Vesturlands má finna hér: [www.starfvest.is](http://www.starfvest.is)

## FABLAB

Símenntun tekur þátt í samstarfi um FabLab smiðju sem húst er í Breið nýsköpunarsetri á Akranesi. FabLab er smiðja með tækjabúnaði til alls kyns framleiðslu sem gefum ungum sem öldnum einstaklingum að nýta sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum í framkvæmd með því að móta, hanna og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Með þessu samstarfi gefst Símenntun tækifæri til að bjóða upp á námskeið í stafrænni smiðju og stuðla þannig að nýsköpun, auka framboð og fjölbreytni í námi.

# Viltu fræðast meira um framhaldsfræðsluna?

## Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er leiðandi í að greina, meta og auka hæfni í atvinnulífinu.

Sjá vef: [www.frae.is](http://www.frae.is)

## Gáttin

Gátt er ársrit um fræðslumál fullorðinna þar sem lögð er m.a. áhersla á menntun á vinnumarkaði. Í ritinu eru fræðilegar greinar, kynning á rannsóknum og lausnum í fullorðinsfræðslu og símenntun og viðtöl og frásagnir um það sem er efst á baugi hverju sinni. Gáttin hefur verið gefin út síðan 2004 og má nálgast rafrænar útgáfur hér: <http://frae.is/utgafa/gatt-arsrit/>

## Næsta skref

Á þessum upplýsingavef er hægt að nálgast upplýsingar um nám, störf, raunfærnimat og ráðgjöf.

Sjá vef: <https://naestaskref.is/>

## Menntamálastofnun

Á vef Menntamálastofnunar má finna ýmsar upplýsingar um framhaldsfræðslu.

Sjá vef: <https://mms.is/framhaldsfræðsla>

## European Association for the Education of Adults

Hér má finna ýmsar upplýsingar um fullorðinsfræðslu í Evrópu.

Sjá vef: [European Association for the Education of Adults \(eaea.org\)](http://European Association for the Education of Adults (eaea.org))

## Nordic Netværk for Voksnes Læring

Hér má finna ýmsar upplýsingar um norrænt tengslanet fullorðinna.

Sjá vef: [www.nvl.org](http://www.nvl.org)







## Að lokum

„Betra er vel gert en vel sagt“ er haft eftir Benjamin Franklin og liggur heilmikill sannleikur í þessum orðum. Að loknu fyrsta heila starfsári mínu sem framkvæmdastjóri Símenntunar get ég ekki annað en verið stolt og ánægð með ársverkin en fyrst og fremst er ég þó þakklát fyrir hafa framúrskarandi starfsfólk með mér í liði. Það er ekki sjálfgefið og ekki síst þegar horft er til þess að þrír nýir starfsmenn bættust í hópinn á árinu eftir töluverðar breytingar árið áður.

Við höfum samstíga tekist á við hefðbundin verkefni eins og náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og vottaðar námsleiðir, íslenskukennslu, námskeið fyrir fólk með fötlun, þjónustu viðfyrirtæki og stofnanir auk þess að taka þátt í erlendum þróunarverkefnum.

Eins höfum við unnið að fjölmörgum nýjum hugmyndum og verkefnum eins og lesa má um hér í ársskýrslunni. Með styrkjum úr Sóknaráætlun Vesturlands hefur verið hægt að halda skóla fyrir starfsfólk í velferðarþjónustu sveitarfélaganna og vinna dyggilega að málefnum innflytjenda á Vesturlandi. Það verkefni er að stækka og nú höfum við stofnað Fjölmenningskóla Vesturlands með áherslu á inngildingu, valdeflingu, lýðræðislega þátttöku og að efla (ósýnilega) menningu.

Íslenskt samfélag var áður einsleitt og svo sjaldséðir voru útlendingar á mínum heimaslóðum í Dölunum þegar ég var að vaxa úr grasi, að ég man enn þegar ég sá þann fyrsta með eigin augum. Innflytjendum fór fyrst að fjölga á Íslandi að einhverju ráði eftir hrun og reyndar var það gosið í Eyjafjallajökli 2010 sem kom Íslandi á heimskortið. Þá vildu erlendir ferðamenn skoða þetta skrítna land okkar og í kjölfarið byggðist upp ferðaþjónusta sem erlent



Guðrún Vala Elisdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunar.

starfsfólk hefur að mestu borið uppi. Hlutirnir gerðust hratt og nú stöndum við frammi fyrir því að fólk af erlendum uppruna er tæplega fimmtungur búsettra á landinu, mörgum finnst íslensk tunga eiga undir högg að sækja og fordómar gagnvart innflytjendum virðast fara vaxandi. Mörgum finnst yfirvöld sein að bregðast við samfélagsbreytingum, að innviðir séu að springa og íslensk menning á niðurleið. En það er mikilvægt að átta sig á því að fjölbreytileiki er líka styrkleiki. Hann getur, ef vel er á málum haldið, stuðlað að víðsýni og opnu og frjálsu samfélagi. Við eigum öll rétt á að vera virkir þátttakendur í samfélaginu, geta tjáð okkur og deila okkar menningarlegu arfleifð hvaðan hún svo sem kemur. Við hjá Símenntun lítum svo á að fjölbreyti-

leiki sé auðlind og teljum okkur geta lagt okkar af mörkum til að bæta samfélagið með markvissri fræðslu. Við viljum sporna gegn fordómum og hatursumræðu sem eru dæmi um samfélagsmein. Slík óvild getur birst í hversdagsfordómum, illu umtali, hunsun, þar sem fólk er ekki virt viðlits og mismunun á réttindum fólks. Alvarlegir fordómar geta leitt til árása á manneskju eða á eignir hennar og versta birtingamyndin er útrýming þjóða. Þessu ber að vinna gegn og við teljum fræðslu vera öflugasta vopnið. Þess vegna leggjum við áherslu á að halda fjölmenningsfærninámskeið sem víðast og efla inngildingu fólks af erlendum uppruna. Eins má ekki gleyma því að úmsir hópar sem Símenntun þjónar svo sem fólk með fötlun, eldri borgarar, öryrkjar og atvinnuleitendur eru sannarlega hluti af fjölmenningu og eru hluti af inngildingar markmiðum. Hlutverk Símenntunar í valdeflingu þessara hópa er mjög mikilvægt. Í skipulagsskrá Símenntunar er kveðið á um að meginmarkmið Símenntunar sé að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag með endur- og símenntun sem tekur mið af þörfum atvinnulífs og einstaklinga. Þessu markmiði verður ekki náð án samstarfs við skipulagsheildir á Vesturlandi og þó

að samstarfið hafi hingað til verið bæði fjölbreytt og jákvætt viljum við styrkja og auka það enn frekar.

Eins og ég nefndi í upphafi eru það verkin sem tala og fátt væri á döfinni án mannauðsins sem Símenntun býr yfir. Ég vil þakka bæði núverandi og fyrrverandi starfsfólki fyrir vel unnin störf og öllum okkar viðskiptavinum og samstarfsaðilum færi ég þakkir. Stjórn Símenntunar hefur staðið þétt við bakið á mér frá því ég tók við starfi framkvæmdastjóra og þakka ég fyrir það. Áfram verður róið á sömu miðum og jafnframt sótt á ný. Ég hlakka til að takast á við áframhaldandi áskoranir hjá Símenntun og þau verkefni sem bíða okkar.

**Guðrún Vala Elísdóttir,**  
framkvæmdastjóri Símenntunar.



